



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY



Ársskýrsla
2015



Ársskýrsla 2015

Útg. 10. maí 2016

Umsjón: Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu

Háskólinn á Bifröst

Efnisyfirlit

Starfsemi Háskólans á Bifröst árið 2015.....	1
Aðalfundur 2014.....	3
Úttekt Gæðaráðs íslenskra háskóla á Háskólanum á Bifröst.....	3
Fulltrúaráð	4
Háskólastjórn.....	5
Stjórn Háskólans á Bifröst.....	5
Háskólaráð.....	6
Fulltrúar í háskólaráði skólaárið 2014 - 2015.....	6
Fagráð	7
Kennslu- og rannsóknarráð	7
Gæðaráð	8
Gæðastefna Háskólans á Bifröst	8
Jafnréttisnefnd	9
Fulltrúar í jafnréttisnefnd skólaárið 2014-2015.....	9
Fulltrúar í jafnréttisnefnd 2015-2016	9
Nemendur 2015	10
Heildarfjöldi nemenda 2015, aldur, kyn, fagsvið, búseta	10
Fjöldi nemenda eftir fagsviðum 2015.....	10
Nemendur eftir námssviðum 2015	10
Meðalaldur nemenda eftir námsstigum 2015.....	11
Nemendur eftir námsstigum 2015	11
Kynjaskipting nemenda 2015.....	11
Nemendur í Háskólagátt 2015.....	12
Nemendur eftir fagsviðum 2015 – grunnám og meistaranám	12
Nemendur í símenntun árið 2015	12
Útskrifaðir nemendur eftir námsstigum 2015.....	13
Nemendur eftir landshlutum 2015.....	13
Nemendur eftir námsstigum í upphafi skólaárs 2015 (september).....	13
Kennslusvið.....	14
Félagsvísindasvið	14
Viðskiptasvið.....	15
Akademískir starfsmenn sviðsins sinntu fjölbreyttum verkefnum á árinu	16
Lögfræðisvið	18
Fyrsti háskólinn á Íslandi sem býður upp á fjarnám í lögfræði	18
Styrkur til að þróa sameiginlegt meistaranám í viðskiptalögfræði	18
Bifröst í samstarfsverkefni með virtustu lagadeildum í Law Without Walls.....	18
Vinnufundur á Bifröst með erlendum lagadeildum	19
Málþing með lagadeild Háskólans í Reykjavík	19
Málflutningskeppni milli lagadeilda landsins.....	19
Lögreglunám á háskólastig	19
Útgáfa Lögbrúar.....	19
Stofnfundur Nomos Alumni.....	20
Þróunarvinna vegna meistaranáms.....	20
Háskólagátt.....	20
Símenntun	21
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst	22
Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst	23
Rannsóknasetur í menningarstjórnun	23
Rannsóknastofnun atvinnulífsins Bifröst.....	23
Alþjóðasvið	24
PRIME-viðmið um ábyrga stjórnun og menntun	24
Náms- og starfsráðgjöf	25
Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafa.....	25

Námskeið	25
Framboð og eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf	25
Bóka- og skjalasafn	26
Starfsmenn	26
Starfsemin	26
Safnkostur	26
Prentað efni	26
Rafrænt efni	26
Útlán	27
Heimasíða	27
Samfélagsmiðlar	27
Samstarf við bókasöfn á Íslandi og erlendis.....	27
Skjalastjórnun	27
Skjalakerfið One-crm.....	27
Markaðs- og kynningarmál.....	28
Tölvuþjónusta	29
Hugbúnaður.....	29
Pantopto í stað eMission	29
Prentþjónusta	29
Netumhverfi	29
Hamragarðar	30
Eldveggur	30
Afritun	30
Netþjónar	30
Varaafstöð fyrir netkerfi	30
Kennslukerfi.....	30
Nemendafélag Háskólans á Bifröst.....	31
Hollvinasamtök Bifrastar	32
Fjármál og rekstur	34
Starfsfólk	34
Ársreikningur 2015	35

Starfsemi Háskólans á Bifröst árið 2015

Árið 2015 var viðburðaríkt í Háskólanum á Bifröst ekki síður en mörg önnur ár í sögu skólans. Sótt var fram með nýjungum í námi og námsframboði og nemendum fjölgaði. Ytri úttekt var gerð á gæðum skólans og helstu lánadrottinnar skólans endurfjármögnuðu reksturinn eftir mikinn taprekstur á árinu 2014. Staða skólans styrktist því verulega á árinu 2015 þótt jafnvægi í rekstri hafi ekki alveg náðst.

Nýmæli í námi og námsframboði á árinu 2015 voru á öllum þremur fagsviðum grunnnáms í skólanum. Í lögfræði var nú í fyrsta sinn boðið upp á fjarnám og nám með vinnu. Í viðskiptafræði var boðin ný námslína með áherslu á þjónusturekstur. Í félagsvísindum fóru tvær nýjar námslínur af stað, miðlun og almannatengsl og byltingafræði. Þessar nýju námslínur eru liður í samfelldri endurnýjun og framþróun námsins í Háskólanum á Bifröst sem er nauðsynleg til þess að styrkja stoðir skólans. Þessum nýjungum var vel tekið þegar á heildina er litið og t.d. var nýr árgangur í grunnnámi í lögfræði sá fjölmennasti um árabíl en 39 nemendur hófu námið haustið 2015. Alls innrituðust 661 nemandi í skólann haustið 2015 og þar af voru 300 nýnemar.



Gæðaráð íslenskra háskóla stóð fyrir ytri úttekt á Háskólanum á Bifröst árið 2015. Að málinu hafði verið unnið í skólanum í töluverðan tíma og sjálfsmatsskýrslur einstakra fagsviða og skólans í heild voru lagðar fram á árinu 2014. Sérstakur úttektarhópur, skipaður erlendum sérfræðingum, utan eins nemendafulltrúa, kom svo í heimsókn á Bifröst í mars. Í framhaldi af heimsókninni fékk skólinn sent bréf frá formanni úttektarhópsins þar sem helstu niðurstöður hans voru kynntar. Skemmst er frá því að segja að fyrsta álit úttektarhópsins á Háskólanum á Bifröst var málum blandið. Allt sem við kom námi, kennslu og reynslu nemenda fékk mikið hrós en efast var um getu skólans til að halda uppi gæðum prófgráða í bráð og lengd.

Mikil vinna hélt því áfram innan skólans til að breyta þeim þáttum sem úttektarhópurinn efaðist um. Gerðar voru ýtarlegar athugasemdir við drög að skýrslu hópsins en þegar hún var lögð fram í september hafði verið dregið verulega í land varðandi hina neikvæðu þætti en þó ekki alla leið. Ekkert stóð þó útaf annað en mál sem einfalt var að laga og í nóvember lagði Háskólinn á Bifröst fram viðbótarskýrslu um þær úrbætur sem kallað var eftir. Ferlinu lauk svo í framhaldi af fundi með fulltrúum úttektarhópsins í febrúar 2016 þegar niðurstaðan var að Háskólinn á Bifröst nyti trausts á öllum póstum bæði varðandi nám, kennslu og reynslu nemenda og getu skólans til að halda úti gæðum prófgráða í bráð og lengd.

Úttektarferlið hefur á margan hátt verið lærdómsríkt og þær umbætur sem gerðar hafa verið í Háskólanum á Bifröst í tengslum við það hafa tvímælalaust eftir skólann og gert hann í enn betri færnum en áður að mennta fólk til forystustarfa í atvinnulífinu og samfélaginu.

Eftir mikinn taprekstur á árinu 2014 þar sem hallinn á rekstri skólans var um 150 milljónir króna varð mikill bati á árinu 2015 þótt enn hafi verið 54,9 milljón króna rekstrarhalli. Segja má að á taprekstrinum séu tvær grunnskýringar. Annars vegar hafa tekjur af auknum nemendafjölda ekki verið að skila sér inn í skólann meðan hann hefur þurft að leggja í fjárfestingar og kostnað til að ná fleiri nemendum. Þar ber hæst að framlag ríkisins hefur ekki hækkað jafnhrað og samsvarar nemendatölunum sem reyndar er í samræmi við samning milli ríkisins og skólans þar sem hækkan á að skila sér með ákveðinni töf. Hins vegar hefur skólinn verið að gera mikla tiltekt í eignasafni skólans og afskrifa kröfur sem stóðu í bókum hans en voru of hátt metnar og ennfremur hafa vinnubrögð í fjármálaumsýslu skólans verið

bætt eftir föngum. Hótel- og veitingarekstur hefur nú verið færður í sérstakt félag sem horfur eru á að verði vel sjálfbært. Greiðslustaða skólans var afar erfið framan af ári 2015 sem leiddi af sér mikinn umframkostnað vegna vaxta og fjármagnskostnaðar.

Mikil vinna var lögð í samskipti við helstu lánadrottna skólans, Arion banka og Byggðastofnun, til að endurfjármagna reksturinn og koma honum á góðan skrið til lengri tíma. Það verkefni leystist farsælega um mitt ár og skólinn er kominn í góð skil á öllum sviðum. Arion banki og Byggðastofnun stóðu vel við bakið á skólanum þegar á reyndi.

Sú breyting varð á stjórn skólans að Guðsteinn Einarsson lét af stjórnarformennsku en hann tók við því hlutverki á afar erfiðum tíma í sögu skólans árið 2011. Guðsteinn reyndist skólanum afar vel í störfum sínum og átti drjúgan þátt í eflingu skólans á ný. Háskólinn á Bifröst stendur í mikilli þakkarskuld við Guðstein fyrir stórt framlag hans til skólans.

Mikið reyndi á þórirf starfsfólks Háskólans á Bifröst á árinu 2015 í þeim erfiðu verkefnum sem glímt var við. Starfsfólki skólans eru færðar sérstakar þakkir fyrir störf sín og þann árangur sem náðst hefur. Án einlægs áhuga starfsfólks skólans á velgengni hans og metnaðar fyrir hans hönd hefði verið útilokað að komast svo farsælega í gegnum árið 2015.

Vilhjálmur Egilsson, rektor

Aðalfundur 2014

Aðalfundur Háskólans á Bifröst vegna ársins 2014 var haldinn 7. maí 2015 á Bifröst. Dr. Vilhjálmur Egilsson rektor flutti skýrslu stjórnar og rektors um starfsemi skólans árið 2014. Ársreikningur 2014 var lagður fram til kynningar og var hann samþykktur samhljóða. Farið var yfir rekstur dóttur- og hlutdeildarfélaganna Háskólans á Bifröst 2014. Rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir yfirstandandi ár var kynnt. Löggiltur endurskoðandi fyrir skólann var kosinn ásamt því að kosið var í fulltrúaráð og stjórn skólans.

Úttekt Gæðaráðs íslenskra háskóla á Háskólanum á Bifröst

Á árinu 2015 fór fram viðamikil úttekt á Háskólanum á Bifröst af hálfu Gæðaráðs íslenskra háskóla. Gæðaráðið er skipað fimm erlendum sérfræðingum og starfar í umboði mennta- og menningarmálaráðuneytis á grundvelli laga um háskóla nr. 63/2006. Úttektin er liður í skipulegu eftirliti Gæðaráðsins með gæðum íslenskra háskóla, með sérstakri áherslu á nemendur, námsumhverfi og prófgráður.

Úttektarhópur skipaður fjórum erlendum sérfræðingum á sviði gæðastjórnunar í háskólum og einum fulltrúa nemenda sótti Háskólann á Bifröst heim dagana 24. – 26. mars 2015 og fundaði með stjórnendum, starfsmönnum og stúdentum skólans, auk fulltrúa atvinnulífs og brautskráðra nemenda. Til grundvallar úttektinni lágu sjálfsmatsskýrslur skólans í heild og fagsviðanna þriggja.

Með bréfi dags. 7. apríl 2015 tilkynnti formaður úttektarnefndar, prófessor Jean-Marie Hombert, þá niðurstöðu að traust væri borið til Háskólans á Bifröst varðandi námsumhverfi nemenda, en takmarkað traust varðandi möguleika skólans til að tryggja gæði prófgráða sem skólinn veitir. Drög að skýrslu úttektarnefndar bárust skólanum 8. júlí 2015. Skýrsla úttektarnefndar var loks lögð fram 16. september 2015 á fundi fulltrúa Háskólans á Bifröst með formanni Gæðaráðsins, prófessor Norman Sharp, og nýjum formanni úttektarnefndar, dr. Barböru Brittingham. Má geta þess að umtalsverðar breytingar urðu á mati Gæðaráðsins og texta úttektarskýrslu í ljósi athugasemda skólans við fyrrgreind skýrsludrög.



Í skýrslu úttektarnefndar var ítrekuð sú niðurstaða að traust væri borið til námsumhverfis nemenda við Háskólann á Bifröst. Lýst var því álitu að takmarkað traust væri borið til skólans í *bráð* varðandi möguleika skólans til að tryggja gæði prófgráða sem skólinn veitir. Í skýrslunni segir ennfremur að Gæðaráðið hlakki til að uppfæra matið svo lýst verði trausti á skólann einnig í þessu efni í ljósi þeirra umbóta sem áætlanir hafa verið gerðar um og sumar hafi þegar verið gerðar eða farnar af stað.

Í úttektinni er borið lof á Háskólann á Bifröst fyrir ýmsa styrkleika og góða starfshætti, m.a. fyrir öflugan starfsanda, vitund um styrkleika og veikleika í háskólastarfinu, nýjungar í kennsluaðferðum og kennslutækni, verkefnaþæðni kennslu sem einkennist af hópavinnu nemenda, tengsl milli kennslu og reynslu í atvinnulífinu, reglubundið samstarf nemenda og kennara, virka þátttöku nemenda í stjórnun háskólans, stuðningi nemenda við hvern annan, öflugt stuðningsumhverfi á háskólasvæðinu á Bifröst,

áherslu Háskólans á hvern nemandu sem einstakling og fyrir að hafa lokið fagúttektum deilda skólans með viðunandi hætti.

Í skýrslunni voru aftur á móti gerðar athugasemdir við þætti er lúta að takmarkaðri notkun á tölfraðilegum upplýsingum til að undirbyggja mat og áætlanagerð, lítilli viðleitni til að nota upplýsingar frá samanburðarháskólum, skorti á formlegri áætlanagerð, þörf á endurskoðun á stjórnarsýslu skólans sem hafi ekki haldist í hendur við þróun hans, skorti á upplýsingum um vinnu brautskráðra nemenda, litlum tengslum á milli kennslu og rannsókna, skorti á akademísku starfsfólki með doktorsgráður og skorti á formlegum aðferðum við ráðningu kennara og annars akademísku starfsfólks.

Í bréfi formanns úttektarnefndar dags. 17. september 2015 voru tilgreindir fimm efnisþættir fyrir Háskólann á Bifröst til að bæta úr svo Gæðaráðið gæti lýst fyrirvaralausum trausti á möguleika skólans til að tryggja gæði prófgráða sem skólinn veitir. Þessir efnisþættir voru söfnun tölulegra gagna og úrvinnsla þeirra til að nýta við stjórnun og stefnumótun, skýr stefnumótun af hálfu skólans til næstu ára, úttekt á stjórnskipulagi og hlutverkaskiptingu í skólanum, endurskoðun á reglum um fastráðningu akademískra starfsmanna og fjárhagsleg staða skólans. Í framhaldinu setti rektor með erindisbréfi 24. september 2015 á laggirnir fimm starfshópa til að vinna að hverju þessara verkefna. Á grundvelli þess starfs var úttektarnefnd send viðbótarskýrsla skólans, dags. 17. nóvember. Var þar greint frá umtalsverðum umbótum í öflun, dreifingu og hagnýtingu á tölulegum gögnum við stjórnun og stefnumörkun, ítarlegri stefnumótun fyrir skólann sem geymir m.a. aðgerðaáætlun um margvíslegt umbótastarf, gagngerrí endurskoðun á reglum í reglugerð skólans um ráðningu akademískra starfsmanna og helstu stjórnenda og nýrri reglugerð um störf dómnefnda og áföngum í starfi starfshóps um endurskoðun á skipulagi á akademískri stjórnarsýslu skólans. Samkvæmt leiðbeiningu í fyrrgreindu bréfi nýs formanns úttektarnefndar sátu í þeim starfshópi auk fulltrúa skólans tveir sérfræðingar utan skólans, þau dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir og dr. Ólafur Þ. Harðarson. Loks voru í viðbótarskýrslu skólans lagðar fram staðfestingar lánveitenda á endurfjármögnun á lánum til skólans og mat á áhrifum hennar á fjárhag hans. Auk þessa var m.a. greint frá nýrri skjalastefnu skólans og yfirstandandi endurskoðun á gæðahandbók hans.

Viðbótarskýrslan og framvinda mála frá því henni var skilað var rædd 1. febrúar 2016 á fundi fulltrúa skólans með fulltrúum úttektarnefndar Gæðaráðs. Á fundi sínum 2. febrúar samþykkti Gæðaráð íslenskra háskóla að lýsa yfir trausti á starfsemi skólans hvað varðar námsumhverfi nemenda og gæði þeirra prófgráða sem skólinn veitir. Lauk með þessu úttekt Gæðaráðs íslenskra háskóla á Háskólanum á Bifröst. Stendur Háskólinn á Bifröst eftir úttektina jafnfætis öðrum íslenskum háskólum á þá kvarða sem Gæðaráðið leggur til grundvallar í úttektum sínum.

Fulltrúaráð

Fulltrúaráðsfundir hafa æðsta vald í málefnum háskólans er varða rekstur og fjármál. Háskólaráð er æðsta vald í innri málefnum háskólans samkvæmt reglugerð. Fulltrúaráð fundar a.m.k. einu sinni á ári og er sá fundur jafnframt aðalfundur Háskólans á Bifröst. Verkefni fundarins er að greina frá starfsemi háskólans og samþykkja ársreikning hans fyrir undanfarið rekstrarár.

Fulltrúaráð Háskólans á Bifröst er skipað 15 einstaklingum og fimm til vara.

Þeir sem tilnefna í fulltrúaráð Háskólans á Bifröst eru: Borgarbyggð, háskólaráð Háskólans á Bifröst, Hollvinasamtök Bifrastar, Samband íslenskra samvinnufélaga svf. og Samtök atvinnulífsins. Hver þessara aðila tilnefnir þrjú fulltrúa og einn til vara.

Í fulltrúaráði á aðalfundi árið 2015 sátu eftirtaldir fulltrúar:

Frá Borgarbyggð:

Erla Stefánsdóttir
Helgi Haukur Hauksson
Jónína Erna Arnardóttir
Varafulltrúi: Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

Frá Hollvinasamtökum Bifrastar:

Viðar Þorsteinsson
Sigrún Jóhannesdóttir
Regína Sigurgeirsdóttir
Varafulltrúi: Arnar Stefánsson

Frá háskólaráði Háskólans á Bifröst:

Sigrún Lilja Einarsdóttir
Brynjar Þór Þorsteinsson
Auður Ingólfssdóttir
Varafulltrúi: Helga Kristín Auðunsdóttir

Frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga:

Birna Bjarnadóttir
Skúli Skúlason
Ólafur Sigmarsson
Varafulltrúi: Stefán Logi Haraldsson

Frá Samtökum atvinnulífsins:

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Óttar Snædal
Kristín Þóra Harðardóttir
Varafulltrúi: Bergþóra Halldórsdóttir

Háskólastjórn

Stjórn Háskólans á Bifröst er skipuð fimm einstaklingum tilnefndum til tveggja ára í senn af eftirtöldum aðilum: Borgarbyggð, háskólaráði Háskólans á Bifröst, Hollvinasamtökum Bifrastar, Sambandi íslenskra samvinnufélaga svf. og Samtökum atvinnulífsins. Þrír aðalmenn í stjórn eru tilnefndir annað hvert ár, en tveir aðalmenn í stjórn hin árin. Varamenn eru tilnefndir með sama hætti. Fulltrúaráð ákveður þóknun stjórnarmanna.

Stjórn skólans mótar stefnu hans og setur honum reglugerð. Stjórn skal halda bókhald og skila ársreikningi á aðalfundi, endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda. Stjórnin skal fylgjast með fjárhag Háskólans á Bifröst, einkum með því að tekjur standi undir kostnaði og skuldbindingum.

Stjórn og rektor Háskólans á Bifröst gera fulltrúaráði grein fyrir fjárhag og rekstri skólans á aðalfundi hvers árs.

Stjórn Háskólans á Bifröst

Frá Borgarbyggð:

Aðalfulltrúi: Matthías Imsland, aðstoðarmaður ráðherra
Varafulltrúi: Björn Bjarki Þorsteinsson

Frá Hollvinasamtökum Bifrastar:

Aðalfulltrúi: Leifur Runólfsson, lögmaður
Varafultrúi: Hörður Harðarson

Frá háskólaráði Háskólans á Bifröst:

Aðalfulltrúi: Ingibjörg Ingvadóttir, hdl. og lektor
Varafultrúi: Páll Rafnar Þorsteinsson

Frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga:

Aðalfulltrúi: Guðsteinn Einarsson, formaður, kaupfélagsstjóri KB
Varafultrúi: Ómar Valdimarsson

Frá Samtökum atvinnulífsins:

Aðalfulltrúi: Marteinn Jónsson, viðskiptafræðingur
Varafultrúi: Guðrún Eyjólfadóttir

Matthías Imsland dró sig út úr stjórninni. Björn Bjarki Þorsteinsson, framkvæmdastjóri tók við sem aðalfulltrúi og formaður og Þórunn Unnur Birgisdóttir varð varafultrúi. Guðsteinn Einarsson dró sig einnig úr stjórninni og tók Ómar Valdimarsson, framkvæmdastjóri við sem aðalfulltrúi.

Háskólaráð

Háskólaráð er æðsta vald í innri málum háskólasamfélagsins. Þar sitja rektor, aðstoðarrektor, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, þrjú fulltrúar kennara sem kennslu- og rannsóknarráð tilnefnir, einn fulltrúi annarra starfsmanna háskólans sem tilnefndur er á starfsmannafundi, þrjú nemendur úr grunnnámi, einn fulltrúi nemenda Háskólagáttar og einn fulltrúi meistaranema. Fulltrúar nemenda eru kjörnir af nemendum. Háskólaráð fundar að öllu jöfnu mánaðarlega yfir skólaárið. Fundargerðir ráðsins eru birtar á heimasíðu skólans.

Fulltrúar í háskólaráði skólaárið 2014 - 2015

Vilhjálmur Egilsson, rektor
Anna Elísabet Ólafsdóttir, aðstoðarrektor
Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu
Halla Tinna Arnardóttir, fulltrúi starfsmanna
Unnar Steinn Bjarndal, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs
Jón Freyr Jóhannsson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs
Sigrún Lilja Einarsdóttir, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs
Hallur Jónasson, fulltrúi meistaranema
Elís Bergur Sigurbjörnsson, fulltrúi grunnnema
Gauti Skúlason, fulltrúi grunnnema
Jóhannes B. Pétursson, fulltrúi grunnnema
Stefán Freyr Benónýsson, fulltrúi Háskólagáttarnema

Áheyrnaraðilar í háskólaráði með málfrelsi og tillögurétt eru Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri, Margrét Björgvinsdóttir fulltrúi íbúaráðs og Ólafur Ísleifsson framkvæmdastjóri gæðamála.

Fagráð

Fagráð háskólans á Bifröst er skipað aðstoðarrektror, sviðsstjórum, framkvæmdastjóra kennslu og þjónustu, forstöðumanni Háskólagáttar og tveimur fulltrúum háskólanema en auk þess hefur ráðið starfsmann sem ritar fundargerðir og gengur frá afgreiðslu mála í samræmi við niðurstöður funda. Fagráð gerir tillögur að akademískri stefnumótun og þróun skólans og ákveður jafnframt um innihald námsbrauta og einstakra námskeiða. Fagráð ber ábyrgð á því að kennarar og annað starfsfólk framfylgi reglum skólans og uppfylli þær faglegu kröfur sem gerðar eru innan hans. Fagráð tekur við erindum frá nemendum og kennurum er lúta að kennslu og annarri akademískri starfsemi skólans. Fagráð fundar að jafnaði vikulega allt árið.

Fulltrúar fagráðs í byrjun árs 2015 voru dr. Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektror, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, dr. Páll Rafnar Þorsteinsson sviðsstjóri félagsvísindasviðs, Helga Kristín Auðunsdóttir sviðsstjóri lögfræðisviðs, Sigurður Ragnarsson sviðsstjóri viðskiptafræðisviðs og Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir forstöðumaður Háskólagáttar. Fulltrúar nemenda voru Ólöf Hildur Gísladóttir og Berglind Guðmundsdóttir.

Nokkrar breytingar urðu á skipan ráðsins á árinu en í ágúst tók dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir við starfi sviðsstjóra félagsvísindasviðs og tók við sæti Páls Rafnars Þorsteinssonar og í ágúst tók Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir nýráðin sviðsstjóri lögfræðisviðs sæti í fagráði, í stað Helgu Kristínar Auðunsdóttur. Nýir nemendafulltrúar tóku síðan sæti í byrjun nýs skólaárs en það voru þær Jóna Dóra Ásgeirsdóttir og Anna Ólöf Kristjánsdóttir. Maj Britt Hjördís Briem lét af störfum sem starfsmaður fagráðs í maí og tók Sandra Björk Jóhannsdóttir við af henni.

Kennslu- og rannsóknarráð

Í kennslu- og rannsóknaráði sitja auk aðstoðarrektors allir fastráðnir akademískir starfsmenn skólans. Einnig eiga fastir starfsmenn skólans, sem annast kennslu sem hluta starfs síns, aðild að ráðinu. Kennslu- og rannsóknaráði ber að funda a.m.k. fjórum sinnum á ári samkvæmt reglugerð skólans. Ráðið fundaði einu sinni í mánuði á vor- og haustönn. Aðstoðarrektror boðar til funda ráðsins og stýrir þeim. Kennslu- og rannsóknarráð tekur ekki ákvarðanir en fjallar um stefnumótandi ákvarðanir sem lúta að kennslu og rannsóknnum áður en þær eru leiddar til lykta á öðrum vettvangi innan skólans. Árið 2015 voru fjölbreytt málefni til umfjöllunar hjá ráðinu m.a. umræða um sameiningu háskóla sem var til skoðunar á árinu en menntamálaráðherra skipaði vinnuhóp til að skoða mögulega sameiningu Háskólans á Bifröst, Landbúnaðarháskólans og Háskólans á Hólum. Þá var fjallað um stefnumótunarskjal skólans, nýtt jafningjamat sem tekið var upp á árinu og er nú notað við mat á misserisverkefnum sem og breytt fyrirkomulag misserisverkefna. Námsráðgjafi mætti á fund ráðsins og fræddi akademíska starfsmenn um hlutverk sitt og starf. Þá fengu gæðamál skólans töluverða umfjöllun í ráðinu í tilefni af gæðaúttekt sem skólinn fór í gegnum á árinu. Ráðið fékk tækifæri til að koma með athugasemdir við dagskrá skólaársins og hafðar voru kynningar á einstökum verkefnum akademískra starfsmanna.

Gæðaráð

Háskólaráð kys árlega á fyrsta fundi háskólaársins sérstakt gæðaráð. Í því sitja þrjú fulltrúar nemenda, kjörnir af nemendum og þrjú fulltrúar kennara, tilnefndir af kennarafundi, ásamt formanni sem tilnefndur er af rektor. Jafnframt starfar gæðastjóri með ráðinu.

Fulltrúar í gæðaráði til september 2015:

Stefán Kalmansson, formaður. Fulltrúar kennara voru Kári Joensen, Magnús Árni Magnússon og Maj Britt Hjördís Briem. Fulltrúar nemenda voru Hjörtur Ingi Hjartarson, Ívar Örn Þráinsson og Sigurður Grétarsson.

Fulltrúar í gæðaráði til september 2016:

Stefán Kalmansson, formaður. Fulltrúar kennara: Kári Joensen, Helga Kristín Auðunsdóttir og dr. Njörður Sigurjónsson. Fulltrúar nemenda: Anna Ólöf Kristjánsdóttir, Jóna Dóra Ásgeirsdóttir og Svanberg Halldórsson.

Framkvæmdastjóri gæðamála er dr. Ólafur Ísleifsson.

Gæðastefna Háskólans á Bifröst

Gæðastefna Háskólans á Bifröst leggur áherslu á öflugt og umbótamiðað gæðastarf sem tekur til allrar starfsemi skólans. Gæðastarfinu er ætlað að hámarka gæði náms, kennslu og rannsókna við háskólann með það að markmiði að bjóða nemendum, kennurum og starfsfólki upp á lærdómssamfélag sem mætir íslenskum og alþjóðlegum gæðakröfum sem og að tryggja gæði prófgráða frá Háskólanum á Bifröst. Gæðakerfið á að taka mið af og leitast við að uppfylla kröfur sem gerðar eru til ytra og innra mats háskóla. Gæðastarfið skal vera opið, gegnsætt og einkennast af gagnrýnum og framsýnum viðhorfum. Gæðakerfið felur í sér viðleitni til úrbóta og skal stöðugt vera í endurskoðun og framþróun.

Háskólinn á Bifröst leggur áherslu á að taka mið af og mæta í hvívetna innlendum og alþjóðlegum gæðakröfum sem gerðar eru til háskóla, þar á meðal þeim kröfum sem felast í þátttöku í evrópska háskólasvæðinu, *European Higher Education Area*. Gæðakerfi Háskólans á Bifröst tekur þannig mið af leiðbeiningum sem settar eru fram í ritinu *Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area*. Háskólinn á Bifröst styður eindregið rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi og störf Gæðaráðs íslenskra háskóla og leggur áherslu á að taka virkan þátt í samstarfi háskóla á sviði gæðamála, m.a. á vettvangi ráðgjafanefndar Gæðaráðsins.

Gæðahandbók Háskólans á Bifröst, sem er öllum aðgengileg á vefsíðu skólans, felur í sér lýsingu á gæðakerfi skólans, afmörkun verkefna og ábyrgðar og verklagsreglur sem móta starf skólans um nám, kennslu, rannsóknir og aðra helstu þætti í starfsemi hans. Gæðahandbókin sætir reglubundinni endurskoðun í samræmi við það markmið skólans að gæðastarf á vettvangi hans sé stöðugt og umbótamiðað. Gæðaráð og fagráð skólans fjalla um nýjar gæðareglur og endurskoðun á gildandi reglum áður en þær eru lagðar fyrir háskólaráð til staðfestingar.

Rektor Háskólans á Bifröst ber ábyrgð á gæðamálum skólans. Háskólinn á Bifröst leggur áherslu á að tryggja virka þátttöku nemenda í innra gæðastarfi skólans. Gæðaráð Háskólans á Bifröst er skipað fulltrúum nemenda og starfsmanna. Gæðaráð og gæðastjóri bera ábyrgð á gæðastjórnun háskólans gagnvart rektor og háskólaráði og skulu tryggja að skólinn starfi í samræmi við innri og ytri gæðakröfur. Aðstoðarrektor ber ábyrgð á gæðum náms, kennslu og rannsókna gagnvart rektor og háskólaráði. Framkvæmdastjórn bera ábyrgð á gæðum þjónustu og annarrar starfsemi skólans gagnvart rektor og háskólaráði.

Jafnréttisnefnd

Hlutverk jafnréttisnefndar er meðal annars að fylgjast með stöðu jafnréttismála innan Háskólans á Bifröst. Jafnréttisáætlun skólans er endurskoðuð af jafnréttisnefnd en framkvæmd og ábyrgð er í höndum rektors.

Fulltrúar í jafnréttisnefnd skólaárið 2014-2015

Magnús Árni Skjöld Magnússon, formaður
Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir, fulltrúi starfsfólks
Kristín Þórdís Þorgilsdóttir, fulltrúi nemenda

Fulltrúar í jafnréttisnefnd 2015-2016

Páll Rafnar Þorsteinsson, formaður
Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir, fulltrúi starfsfólks
María Dís Sigurjónsdóttir, fulltrúi nemenda

Skólaárið 2014-2015 var hafist handa við endurskoðun á jafnréttisáætlun Háskólans á Bifröst. Þeirri endurskoðun er ekki lokið.

Háskólinn á Bifröst tók í fyrsta sinn þátt í Jafnréttisdögum háskólanna sem haldnir voru 5. – 16. október. Með jafnréttisdögum er hugmyndin að nálgast hinar ýmsu víddir jafnréttis og skoða fjölbreytileika, forréttindi, þöggun, jafnréttisbaráttu, vald og mismunun. Áhersla er lögð á þau tækifæri sem skapast með því að setja hugmyndir um normið – hið „eðlilega“ – og hið undirskipaða undir smásjána.

Dagskráin var nokkuð fjölbreytt þrátt fyrir skamman fyrirvara. Dagarnir voru opnaðir með ljósagangi í þeim fjórum háskólum sem tóku þátt. Haldinn var bleikur dagur þar sem Kaffi Bifröst bauð konum upp á afslátt af hádegisverðarhlaðborði sem nam um helmingi af óútskýrðum kyndbundnum launamismuni. Verkefnið Máttur kvenna í Tansaníu var kynnt þar sem áhersla er á að mennta konur. Ása María H. Guðmundsdóttir hélt erindi um jafnrétti á Íslandi og skiptinemar héldu erindi um jafnrétti í sínu heimalandi. Haldið var Pub Quiz og til að gæta jafnréttis allra nemenda óháð tungumáli fór það fram á ensku.

Í nóvember 2015 boðaði menntamálaráðuneytið til fræðslufundar jafnréttisfulltrúa háskólanna. Fulltrúi Háskólans á Bifröst var dr. Páll Rafnar Þorsteinsson. Í framhaldi af þeim fundi var stofnaður samráðsvettvangur jafnréttisfulltrúa háskólanna. Stefnt er að því að jafnréttisfulltrúar háskólanna hittist þrisvar sinnum á ári. Útibúin verður starfs- og aðgerðaáætlun vegna ytra samstarfs.

Nemendur 2015

Nemendaskrá skólans er í umsjá kennsluviðs, en fjöldatölur sem birtar eru hér eru samtölur fyrir almanksárið 2015.

Heildarfjöldi nemenda 2015, aldur, kyn, fagsvið, búseta


Flestir nemendur í háskólanámi eru sem fyrr á viðskiptasviði. Konur eru í meirihluta nemenda í skólanum, liðlega 70% nemenda. Meðalaldur nemenda við skólann er 36 ár sá sami og í fyrra.

Fjöldi nemenda eftir fagsviðum 2015


Fagsvið	kk	kvk	% kk	% kvk	aldur	Útskrifaðir			Nýnemar			
						kk	kvk		kk	kvk		
Háskólagátt	217	92	125	42%	58%	22	83	33	50	109	53	56
Viðskiptasvið	430	150	280	35%	65%	37	65	23	42	247	84	163
Félagsvísindasvið	131	42	89	32%	68%	37	23	12	11	54	12	42
Lögfræðisvið	111	50	61	45%	55%	38	28	14	14	54	24	30
Símenntun	153	49	104	32%	68%	35	21	3	18	99	24	75
Opið nám	13	1	12	8%	92%	48	Á ekki við			20	2	18
Samtals	1055	384	671	32%	68%	36	220	85	135	583	199	384

*Auk námskeiða hjá Símenntun sóttu allt 305 einstaklingar sérsniðin námskeið fyrir fyrirtæki og félög.


Nemendur eftir námssviðum 2015




Meðalaldur nemenda eftir námsstigum 2015



Nemendur eftir námsstigum 2015



Kynjaskipting nemenda 2015



Nemendur í Háskólagátt 2015

	kk	kvk	% kk	% kvk	Meðalaldur	
Fjarnám	183	71	112	39%	61%	33
Staðnám	34	21	13	62%	38%	28
Samtals	217	92	125	42%	58%	30

Nemendur eftir fagsviðum 2015 – grunnnám og meistaranám


	kk	kvk	% kk	% kvk	Útskrifaðir			Nýnemar			
					kk	kvk		kk	kvk		
Viðskiptasvið											
Grunnnám	261	101	160	39%	61%	47	11	36	144	58	86
Meistaránám	169	49	120	29%	71%	18	12	6	103	26	77
Samtals	430	150	280	35%	65%	65	23	42	247	84	163
Lögfræðisvið											
Grunnnám	80	33	47	41%	59%	14	7	7	48	20	28
Meistaránám	31	17	14	55%	45%	14	7	7	6	4	2
Samtals	111	50	61	45%	55%	28	14	14	54	24	30
Félagsvísindasvið											
Grunnnám	64	27	37	42%	58%	10	7	3	31	9	22
Meistaránám	67	15	52	22%	78%	13	5	8	23	3	20
Samtals	131	42	89	32%	68%	23	12	11	54	12	42
Háskólagátt											
Grunnnám	217	92	125	42%	58%	83	33	50	109	53	56
Símenntun	153	49	104	32%	68%	21	3	18	99	24	75
Opið nám	13	1	12	8%	92%	0			20	2	18
Samtals	1055	384	671	36%	64%	220	85	135	583	199	384

Nemendur í símenntun árið 2015


	kk	kvk	% kk	% kvk	
Diplómanám í verslunarstjórnun	28	11	17	39%	61%
Kaupmannaskólinn	49	21	28	43%	57%
Máttur kvenna 1	23	0	23	0%	100%
Máttur kvenna framhaldsnámskeið	8	0	8	0%	100%
Sterkari stjórnsýsla	45	17	28	38%	62%
Samtals	153	49	104	32%	68%

*Auk þess voru sérsniðin námskeið fyrir fyrirtæki og félög. Fjöldinn sem sótti slík námskeið er 305

Útskrifaðir nemendur eftir námsstigum 2015



Nemendur eftir landshlutum 2015



Nemendur eftir námsstigum í upphafi skólaárs 2015 (september)

	Karlar	Konur
Nemendur í Háskólagátt	107	52
Nemendur í Símenntun	67	24
Nemendur á háskólastigi	475	167
Nemendur alls í námi	649	406

Kennslusvið

Verkefni kennslusviðs lúta að framkvæmd kennslu og þjónustu við nemendur. Þar má nefna umsjón með kennsluferfi og nemendaskrá skólans, útskriftum, móttöku ritgerða, framkvæmd námsmats, náms- og starfsráðgjöf o.fl. Framkvæmd kennslumats, skipulagning kennslunnar og vinnuhelga er meðal þess sem sviðið sér um. Loks setur kennslusvið upp stundaskrár hverrar lotu og dagskrá skólaársins í samráði við sviðsstjóra og yfirstjórn skólans.

Á árinu 2015 var innleiðingu nýrra kennsluhátta fylgt eftir þar sem vendikennslu er nú beitt í öllu skólastarfinu. Prófhald og námsmat er nokkuð umfangsmikið vegna lotukennslunnar og fjölda fjarnema. Áfram var unnið að því að auka þátttöku nemenda í kennslumati. Kennslusvið kallar eftir kennsluáætlunum frá kennurum og hefur áhersla verið lögð á að birta kennsluáætlanir námskeiða innan þeirra tímamarka sem reglur skólans kveða á um. Unnið hefur verið að þróun og endurbótum á nemendaskrárkerfi skólans. Samskipti við Lánasjóð íslenskra námsmanna hafa batnað á undanförunum árum og upplýsingaflæði hefur verið bætt.

Félagsvísindasvið

Um mitt ár tók dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir við stöðu sviðsstjóra af dr. Páli Rafnar Þorsteinssyni.

Nýjar námsbrautir: Byltingafræði og miðlun og almannatengsl

Á árinu 2015 fóru af stað tvær nýjar námsbrautir í grunnnámi á félagsvísindasviði; miðlun og almannatengsl og byltingafræði sem báðar byggja á grunni HHS-námsins. Aðsókn að þessum námsbrautum var þokkaleg en á móti kom að aðsókn að BA námi í HHS dróst saman. Aðsókn í staðnám hefur jafnframt minnkað og þykir það áhyggjuefni en þó vísbending um ákveðna þróun sem átt hefur sér stað á undanförunum árum. Til stóð að bjóða uppá nám til BA-gráðu í stjórnmálahagfræði en af því varð ekki sökum lítillar aðsóknar.

MCM gráða í menningarstjórnun þróuð

Aðsókn að meistaranámi í menningarstjórnun var með ágætum og hefur verið nokkuð stöðug undanfarin ár, enda hefur námslínan fest sig vel í sessi.

Haustið 2016 verður boðið uppá nýja áherslulínu innan menningarstjórnunar, svokallaða MCM gráðu í menningarstjórnun (Master of Cultural Management) með áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarf. Þessi nýja lína er viðbótargráða á meistarastigi en í stað þess að skrifa meistararitgerð ljúka nemendur 78 ECTS einingum í námskeiðum og 12 ECTS eininga sjálfstæðu verkefni í menningarstjórnun. Ekki var farið af stað með inntökur í meistaranám í alþjóðlegri stjórnmálahagfræði haustið 2015.



Mikil rannsóknarvirkni

Áfram var haldið með þróun á innleiðingu lotubundinnar vendikennslu en sú innleiðing hefur gengið nokkuð vel fyrir sig, enda eru akademískir starfsmenn og stundakennarar á félagsvísindasviði vel í stakk búnir fyrir slíkt kennslufyrirkomulag. Þó má heyra raddir þess efnis að lotukennsla og

vendikennsluformið henti misvel eftir greinum og því mætti í framtíðinni hafa slíkt í huga í frekari þróun á námi og kennslu.

Félagsvísindasvið tók þátt í úttekt gæðaráðs íslenskra háskóla sem lauk formlega í febrúar 2016. Þar er þess sérstaklega getið í lokaskýrslu gæðaráðsins að félagsvísindasvið skeri sig úr hvað varðar hlutfall akademískra starfsmanna með doktorsgráðu. Áfram var unnið að gæðamálum á sviðinu en samkvæmt árlegu rannsóknarmati 2014 komu 89% rannsóknastiga Háskólans á Bifröst frá akademískum starfsmönnum á félagsvísindasviði.

Á árinu 2015 var rannsóknarvirkni akademískra starfsmanna á félagsvísindasviði eftirtektarverð og afraksturinn birst m.a. í greinum, bókarköflum og þátttöku í ráðstefnum heima og erlendis, svo og í umfjöllunum innlendra og erlendra fjölmiðla en þar eru okkar akademísku starfsmenn mjög sýnilegir í opinberri umræðu.

Viðamikilið alþjóðlegt samstarf

Árið einkenndist af viðamiklu alþjóðlegu samstarfi. Meðal annars í tveimur Cost-verkefnum á vegum Evrópusambandsins; annað, sem lauk á árinu, um mæri alþjóðalaga og alþjóðastjórn mála, og hitt, sem hófst árinu, um popúlisma og þjóðernishyggju í evrópskum stjórn málum.

Á árinu voru rannsóknir dr. Eiríks Bergmann birtar á frönsku, rússnesku og íslensku auk alþjóðlegra útgáfa á ensku. Af þeim er helstar að nefna rannsóknina „A critique of neo-mercantilist analysis of Icelandic political economy and crisis“ sem birtist í fræðiritinu *Capital & Class* (ásamt Claes Belfrage, University of Liverpool og David M. Berry, University of Sussex), og rannsóknina „Populism in Iceland: has the Progressive Party turned populist?“ sem birtist í fræðiritinu *Icelandic Review of Politics and Administration*.

Auður H Ingólfssdóttir lektor skipulagði og stýrði tveimur málstofum á Arctic Circle ráðstefnunni haustið 2015 sem hefur skipað sér sess sem einn stærsti alþjóðlegi umræðuvettvangurinn um Norðurslóðir. Rektor og akademískir starfsmenn á viðskiptasviði tóku þátt auk Auðar.

Dr. Njörður Sigurjónsson, dósent, birti ritrýnda fræðigreina í Ritinu sem ber heitið Hávaði búsáhaldaþyngingarnar og vakti sú grein nokkra athygli fjölmiðla á Íslandi.

Dr. Sigrún Lilja Einarssdóttir, lektor og núverandi sviðsstjóri félagsvísindasviðs (frá ágúst 2015) birti tvær ritrýndar fræðigreinar á árinu 2015 – sú fyrri ber titilinn „Constructing ‘My Bach’: Relevance of Historical Constructions of Bach for Members in an English Amateur ‘Art Music’ / Composer-oriented Bach Choir“ sem birtist í tímaritinu *International Review of the Aesthetics and Sociology of Music*. Seinni greinin ber heitið The role of choral singing in the lives of amateur choral singers in Iceland“ en sú grein birtist í tímaritinu *Music Education Research* sem gefið er út af Taylor & Francis. Dr. Helga Rut Guðmundsdóttir, dósent á menntavísindasviði Háskóla Íslands er jafnframt meðhöfundur að þeirri grein.

Viðskiptasvið

Starfið á viðskiptasviði einkenndist áfram af sóknarhug. Mikil vinna fór í innleiðingu á nýju meistaranámi í forystu og stjórnun sem hófst haustið 2014. Námið hefur fengið frábærar viðtökur og var áfram mikil aðsókn árið 2015. Mikilvægt er að fylgjast vel með námsbrautinni og þróa hana frekar og liður í því var m.a. kynning á nýju námskeiði haustið 2015 „Hagnýt fjármál fyrir stjórnendur.“ Ennfremur var kynnt til sögunnar ný áhersla í grunnnámi, þ.e. BS gráða í viðskiptum með áherslu á þjónustufræði.



Vinna við undirbúning og þróun á Norræna forystulíkaninu (Nordic Leadership Model) undir stjórn Einars Svanssonar dósent, og Jóns Snorra Snorrasonar lektors, hélt áfram. Verkefnið hefur verið vel kynnt meðal meistaranema og hefur það þegar skilað sér í þremur meistararitgerðum.

Vel sótt ráðstefna um þjónandi forystu

Samstarf við Þekkingarsetur um þjónandi forystu á Íslandi var styrkt enn frekar með annarri ráðstefnu sem var haldin á Bifröst, haustið 2015 og yfir 200 manns sóttu. Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar var dr. Carolyn Crippen, dósent í forystufræðum við University of Victoria í Kanada, sem var jafnframt gestakennari á Bifröst haustið 2015. Haustið 2016 verður haldin alþjóðleg ráðstefna um þjónandi forystu á Bifröst.

Samstarf við háskóla í Prag

Námskeið í Rekstraráætlunum I og II voru þróuð áfram en í þeim er lögð áhersla á samvinnu við starfandi fyrirtæki. Til að styrkja og þróa námskeiðin enn frekar hefur Stefán Kalmansson, aðjúnt, komið að þessu verkefni með dr. Ingólfi Arnarsyni, dósent, og sjá þeir um utanumhald og uppbyggingu námskeiðanna. Þróuð var frumútgáfa samskiptavefs fyrir smærri fyrirtæki og námskeiðin innan Rekstraráætlana, I og II, í samvinnu við Vaxtarsjóð Vesturlands og þau þrjátíu fyrirtæki sem taka þátt í rekstraráætlanaverkefninu. Á árinu var síðan farið í samstarf við Viðskiptaháskólann í Prag eftir að fenginn var styrkur frá EEA. Verkefnið ber heitið; „Universities approaches in tackling the changing job markets for graduates“, og byggir á reynslu af fyrrnefndum námskeiðum innan Rekstraráætlana.

Próunarvinna hófst á sviði MS og MIB í alþjóðaviðskiptum en ráðgert er að byggja námsbrautina upp enn frekar og verðu það gert í tveimur til þremur skrefum. Fyrsta skrefið verður tekið haustið 2016 með nýjum námskeiðum ásamt breyttum áherslum. Enn frekari breytingar verða kynntar haustið 2017.

eNorbalt – hagkerfi internetsins skoðað

Samskipti við erlenda háskóla var með ýmsu sniði og má þar nefna að nemendur í BS náminu tóku þátt í eNorbalt, sem snýr sérstaklega að skoðun á hagkerfi internetsins. Bifröst hósti verkefnið að þessu sinni og tókst það afar vel en fjöldi erlendra nemenda og kennara komu til landsins af þessu tilefni. Jón Freyr Jóhannsson, aðjúnt, stýrði verkefninu en einnig starfaði Brynjar Þór Þorsteinsson, aðjúnt, við verkefnið.

Akademískir starfsmenn sviðsins sinntu fjölbreyttum verkefnum á árinu

Snemma árs 2015 var Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Bifröst úthlutað fjármagn til eins árs frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu sem eyrnamerkt var rannsóknum í ferðaþjónustu.

Markmið verkefnisins *Markhópagreining – gerð markhópalíkans* er að auka verðmæti þeirra ferðamanna sem hingað sækja. Einar Svansson, lektor, var verkefnastjóri verkefnisins, en að auki unnu að verkefninu þeir Brynjar Þór Þorsteinsson aðjúnkt, Kári Joensen, lektor, Gunnar Alexander Ólafsson verkefnastjóri ásamt Johanna E. Van Schalwyk og Kristjönu Kristjánsdóttur nemum við skólann.

Þá má einnig geta þess að Einar Svansson, lektor, og Stefán Kalmansson, aðjúnkt, fengu birta rannsókn á stjórnun fiskveiða og sjálfbærni. Rannsóknin var birt sem kafli í bókinni *Corporate Social Performance; Paradoxes, Pitfalls, and Pathways to the Better World*. Kaflinn ber heitið *Sustainable Management of Renewable Natural Resources: The Case of Fisheries Management Systems* en bókina er gefin út hjá bókaforlaginu Information Age Publishing (IAP) í Bandaríkjunum.

Þá eru Jón Snorri Snorrason, lektor, og Einar Guðbjartsson dósent í HÍ og stundakennari á Bifröst að vinna að rannsókn um störf og stjórnhætti endurskoðunarnefnda og fengu í því sambandi styrk frá Félagi löggiltra endurskoðenda. Rannsóknin er unnin í samvinnu við Rannsóknarmiðstöð skólans. Rannsóknin og niðurstöður verða kynntar á a.m.k þremur ráðstefnum á árinu 2016.

Dr. Sigrún Gunnarsdóttir, dósent, birti ásamt fleirum tvær nýjar rannsóknir um þjónandi forystu. Annars vegar birtist grein um þjónandi forystu í þjónustufyrirtækjum, sem ber heitið „Servant leadership and wellbeing of service workers“ sem var birt í *Journal of Business Faculty University of Iceland* (Vorráðstefna Viðskiptafræðistofnunar HÍ) og hins vegar grein um þjónandi forystu innan heilbrigðisþjónustunnar sem ber heitið „Árangur og forysta í hjúkrun: Viðhorf til þjónandi forystu, starfsánægju, starfstengdra þátta og gæða þjónustu á Sjúkrahúsinu á Akureyri“, sem var birt í *Tímariti hjúkrunarfræðinga*. Jafnframt birti Sigrún með samstarfsfólki sínu tvær greinar um starfsumhverfi í heilbrigðisþjónustunni, annars vegar um starfsumhverfi og straumlínustjórnun í heilbrigðisþjónustunni á Norðurlöndum, og hins vegar um starfsumhverfi og truflanir í heilbrigðisþjónustu hér á landi. Greinarnar birtust í *Int. J. Human Factors and Ergonomics* og í *Vard i Norden*.

Dr. Ingólfur Arnarson, dósent, vann áfram við verkefnið: „Þróun aðferða og reiknilíkana í sjávarútvegsstjórnun“, í samvinnu við Háskólann í Reykjavík. Í lok ársins var ákveðið að verkefnið yrði alþjóðlegt og næði einnig yfir landbúnað. Fjórir erlendir háskólar voru fengnir með í verkefnið og er verið að leita að fjárstuðningi fyrir framhaldinu. Þá vann Árni Sverrir Hafsteinsson, sérfræðingur, auk annarra, skýrslur um arðsemi fyrirtækja í ferðaþjónustu og umfang og eðli íbúðagistingar sem báðar komu út árið 2015. Að lokum má nefna að dr. Ólafur Ísleifsson, dósent, fékk birta rannsókn sína á sviði lífeyrismála í *Tímariti* um viðskipti og efnahagsmál og Sigurður Ragnarsson, lektor og sviðsstjóri viðskiptafræðisviðs, var einn af aðal fyrirlesurum á ráðstefnu á vegum Evolvía sem haldin var í Hörpu og bar yfirskriftina Tomorrow's Leadership.

Sviðsstjóri viðskiptasviðs er Sigurður Ragnarsson.

Lögfræðisvið

Fyrsti háskólinn á Íslandi sem býður upp á fjarnám í lögfræði

Starfsárið 2015 markaði tímamót á lögfræðisviði en þá hófst kennsla í viðskiptalögfræði í fjarnámi. Samhliða var boðið upp á nám í viðskiptalögfræði með vinnu. Óhætt er að segja að þessi viðbót hafi mælst vel fyrir, enda fjölgaði nemendum á fyrsta ári verulega. Mikil áhersla var lögð á að vanda allan undirbúning við fjarnámið og af þeirri ástæðu var látið nægja að bjóða upp á fjarnám fyrir nemendur á fyrsta ári þennan fyrsta vetur. Næsta skólaár mun



fjarnám einnig standa til boða í þeim námskeiðum sem kennd eru á öðru ári í viðskiptalögfræði. Skólaárið 2015-2106 hófst með nýnemadegi sem haldinn var í ágúst. Þar voru nýnemar í viðskiptalögfræði boðnir velkomnir af starfsmönnum lögfræðisviðs og áherslur námsins og kennsluáðferðir kynntar. Laganemar í meistaranámi gerðu grein fyrir reynslu sinni af laganámi við Háskólann á Bifröst. Ánægja var hjá nemendum sem og starfsfólki með þennan dag og verður hann endurtekinn í upphafi næsta skólaárs.

Styrkur til að þróa sameiginlegt meistaranám í viðskiptalögfræði

Sumarið 2015 hlaut lögfræðisvið Háskólans á Bifröst 25 milljónir króna styrk til að vinna að verkefninu „Development of a Blended Learning Approach to a Joint Degree in Business and Law“. Styrkurinn er á vegum evrópsku Erasmus+ áætlunarinnar og felst í honum mikil viðurkenning. Verkefnið sem hlaut styrkinn lýtur að tveggja ára samstarfsverkefni milli þriggja lagadeilda um sameiginlegt meistaranám í viðskiptalögfræði, þ.e. á milli Háskólans á Bifröst, Háskólans í Árósum og University College Dublin. Helga Kristín Auðunsdóttir, fyrrum sviðsstjóri lögfræðisviðs, mun leiða verkefnið. Í kjölfar þess var starf sviðsstjóra lögfræðisviðs auglýst. Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir tók við sem sviðsstjóri lögfræðisviðs 15. ágúst 2015. Hún kom til starfa við Háskólann á Bifröst eftir að hafa starfað sem aðstoðarsaksóknari hjá Ríkissaksóknara.

Bifröst í samstarfsverkefni með virtustu lagadeildum í Law Without Walls

Háskólinn á Bifröst tók í annað sinn þátt í alþjóðlegu samstarfsverkefni Law Without Walls. Á meðal þeirra háskóla sem taka þátt í samstarfinu eru margir af virtustu háskólum heims, svo sem Harvard, Stanford, New York University, Fordham University, University College London. Verkefnið er skipulagt af University of Miami. Samstarf háskólanna miðar að því að laganemar fái breiðari sýn á lögfræði sem og tækifæri til að beita menntun sinni til góðs við úrlausn á raunhæfum verkefnum. Upphaf verkefnisins var í Dublin í febrúar 2015 og að þessu sinni voru laganemarnir Hjörtur Ingi Hjartarson og Arnar Stefánsson valdir til þátttöku af hálfu Háskólans á Bifröst og báðir stóðu þeir sig með miklum sóma. Helga Kristín Auðunsdóttir, lektor við Háskólann á Bifröst, fór utan með þeim sem leiðbeinandi í Law Without Walls.

Vinnufundur á Bifröst með erlendum lagadeildum

Tveggja daga vinnufundur Háskólans á Bifröst, Aarhus háskóla og University College of Dublin, Sutherland School of Law fór fram í haust vegna undirbúnings við að koma á samstarfi um meistaragráðu háskólanna þriggja í viðskiptalögfræði. Á fundinum, sem fór annars vegar fram í Háskólanum á Bifröst og hins vegar í Iðnó í Reykjavík, sátu fulltrúar skólanna þriggja. Vinnan er jafnframt liður í stefnumótunarvinnu við að styrkja enn frekar sérstöðu meistaranáms í lögfræði við Háskólann á Bifröst.

Málþing með lagadeild Háskólans í Reykjavík

Lögfræðisvið Háskólans á Bifröst og lagadeild Háskólans í Reykjavík héldu sameiginlega ráðstefnu í desember um meðferð nauðgunarmála í réttarkerfinu. Ráðstefnan var haldin í Háskólanum í Reykjavík og var afar vel sótt og hlaut töluverða umfjöllun fjölmiðla í kjölfarið. Frummælendur voru Svala Ísfeld Ólafsdóttir dósent við HR, Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir, Símon Sigvaldason héraðsdómari, Guðrún Katrín Jóhannesdóttir meistaranemi í félagsfræði, Berglind Guðmundsdóttir yfirsálfræðingur sálfræðiþjónustu geðsviðs LSH og Þorbjörn Broddason prófessor í fjölmiðlafræði. Ætlunin er að halda áfram á sömu braut af hálfu lögfræðisviðs og halda fleiri málþing á komandi starfsári um lagaleg álitefni sem eru í deiglu.

Málflutningskeppni milli lagadeilda landsins

Í lok árs var lögfræðisviði boðin þátttaka í sameiginlegri málflutningskeppni milli allra lagadeilda landsins á sviði EES-réttar sem haldin verður í nóvember 2016 í Hæstarétti Íslands. Vinna við að undirbúa þátttöku í henni fór fram innan lögfræðisviðs, en EEA Moot Court, sérstakt námskeið mun standa laganemum til boða haustið 2016 í tengslum við keppnina. Sigurliðið í málflutningskeppninni fær að launum ferð til Brussel með kynningu á Eftirlitsstofnun EFTA í Brussel. Með þátttöku í málflutningskeppninni gefst laganemum við Háskólann á Bifröst einstakt tækifæri til að öðlast dýpri skilning á mikilvægum þáttum í málflutningi sem og betri skilning á EES-rétti.

Lögreglunám á háskólastig

Lögð hefur verið til ný skipan lögreglumenntunar á Íslandi af hálfu innanríkisráðuneytisins. Með breytingunni yrði lögreglunám fært á háskólastig sem er til samræmis við fyrirkomulagið á hinum Norðurlöndunum. Leitað var til allra háskóla á landinu til að kanna vilja og möguleika þeirra til að taka þátt í þróun lögreglunáms á háskólastigi. Af hálfu lögfræðisviðs hefur því verið lýst yfir að áhugi sé á því að þróa lögreglunám á háskólastig og jafnframt að skólinn hafi alla möguleika á því að sinna þessu verkefni af krafti og metnaði verði hann til þess valinn. Var þessi afstaða lögfræðisviðs rakin í greinargerð sem send var innanríkisráðuneytinu vegna málsins. Þá fóru rektor og sviðsstjóri lögfræðisviðs á fund í innanríkisráðuneytinu um málið. Enn er ekki ljóst hver niðurstaðan verður um lögreglunám á háskólastigi.

Útgáfa Lögbrúar

Lögbrú, tímarit laganema við Háskólann á Bifröst kom út í haust. Tímaritið er glæsilegt og efnismikið og þar er meðal annars að finna greinar og efni eftir kennara lögfræðisviðs, svo sem eftir Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmann. Þar er einnig viðtal við Guðfinn Stefánsson lögfræðing frá Háskólanum á Bifröst og fyrsta setta dómarrannsóknarstól sem er útskrifaður af Bifröst. Nomos félag laganema við Háskólann á Bifröst, stóð einnig að málstofu í nóvembermánuði. Málstofan var um beitingu gæsluvarðhalds í kjölfar þess að umræða fór fram í samfélaginu um tilgang gæsluvarðhalds við rannsókn kynferðisbrotamála. Var málstofan vel sótt af nemendum og starfsfólki skólans. Lögfræðisvið hefur reynt að styðja við starf Nomos með því að vera í samráði við félagið um það sem er á döfinni og liðsinna félaginu.

Stofnfundur Nomos Alumni

Föstudaginn 13. nóvember 2015 var haldinn stofnfundur Nomos Alumni, félags lögfræðinga frá Háskólanum á Bifröst. Á fundinum var kjörin stjórn félagsins og munu hana skipa þau Andrea Valgeirsdóttir, Elín G. Einarsdóttir, Guðmundur Jónsson, Jón Bjarni Steinsson, Kolbrún Garðarsdóttir, Lee Ann Maginnis og Sigurður Árnason. Vel var mætt á fundinn en markmið félagsins er að vera öflugur vettvangur félagsmanna til að viðhalda og efla tengsl sín á milli og að gæta sameiginlegra hagsmuna félagsmanna á uppbyggilegan hátt, að stuðla að gæðum, virðingu, uppbyggingu og þróun lögfræðisviðs Háskólans á Bifröst og að stuðla að faglegri umræðu um lögfræðileg málefni sem og önnur viðfangsefni náms við lögfræðisvið Háskólans á Bifröst. Stefnt er að því að samstarf milli lögfræðisviðs og Nomos Alumni verði gott og kraftmikið. Aukin áhersla hefur verið lögð á það á lögfræðisviði að starfsfólk sviðsins taki þátt í opinberri umræðu um lagaleg álitæfni.

Þróunarvinna vegna meistaranáms

Reglubundnir sviðsfundir hafa verið haldnir á lögfræðisviði þar sem málefni sviðsins hafa verið til umræðu, fyrst og fremst er lúta að kennslu og inntaki náms. Þrjú starfsmenn sviðsins sóttu ráðstefnu um E-learning til London á árinu sem var afar gagnleg og þar sem meðal annars var fjallað um kennsluhætti í fjarnámi. Þá hefur farið fram hugmyndavinna um endurskipulagningu meistaranáms í lögfræði með það að markmiði að skerpa enn frekar á áherslu á viðskiptalögfræði og þar með sérstöðu skólans. Sú hugmyndavinna stendur enn yfir en vonir standa til þess að geta kynnt nýja námsleið í meistaranámi á árinu 2016.

Háskólagátt

Í lok árs 2014 var farið í gagngera endurskoðun allra námsáfanga sem í boði eru í Háskólagátt. Þeirri vinnu lauk vorið 2015. Kennt var í fyrsta skipti samkvæmt nýrri og endurskoðaðri námsskrá skólaárið 2015-2016. Námskeiðin eru í samræmi við aðalnámsskrá framhaldsskóla frá 2011 og lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 og útskrifast nemendur nú með þekkingu, leikni og hæfni sem samræmist þriðja hæfniprepi samkvæmt ISQF (Icelandic Quality Framework).



Til að eiga kost á að hefja nám í Háskólagátt þurfa nemendur að hafa lokið 138 f-einingum samkvæmt núgildandi einingarkerfi, sem jafngildir um það bil 85 einingum samkvæmt gamla einingakerfinu. Innan þessara 138 eininga verða umsækjendur að hafa lokið að minnsta kosti einum áfanga í íslensku, stærðfræði og ensku. Ef umsækjandi uppfyllir ekki inntökuskilyrði en býr yfir töluverðri starfsreynslu gefst honum kostur á að leggja fram niðurstöður raunfærnimats sem metur jafngilda reynslu og menntun. Starfsreynsla er þó aldrei metin til fulls á við einingar. Nám í Háskólagátt er nú 62 f-einingar (framhaldsskóla einingar) en nemendum stendur einnig til boða að bæta við sig 15 f-einingum í kjarnagreinunum, þ.e. íslensku, ensku og stærðfræði og útskrifast þá með allt að 77 f-einingum. Viðbótarnámið er hugsað fyrir nemendur sem vilja undirbúa sig sérstaklega fyrir háskólanám og þá sem þurfa að bæta við sig námsgreinum til að uppfylla sértæk inntökuskilyrði annarra háskóla.

Haustið 2015 hófust viðræður rektora HB og HÍ til að eyða óvissu um stöðu útskrifaðra nemenda úr Háskólagátt vaðandi aðgang að námi í HÍ. Í bréfi frá rektor HÍ er afstaða HÍ til náms í Háskólagáttinni

skýrð með formlegum hætti. Almennt gildir að hver deild innan HÍ hefur ákveðin viðmið um mat á námi umsækjanda án stúdentsprófs sem teknir eru inn á undanþágum. Sérstaklega er horft til þess hvort umsækjandi hafi lokið grunnnámskeiðum framhaldsskóla og hvort sama námskeið hafi verið tvítalið inn í einingafjölda. Opnasta leiðin fyrir Háskólagáttarnema til að fá undanþágu frá formlegum inntökuskilyrðum er inn í félagsráðgjafadeild, Íþrótt-, tólmstunda- og þroskaþjálfadeild, kennaradeild og uppeldis- og menntunarfræðadeild. Með því að taka valáfanga á sumarönn í Háskólagátt opnast leiðir inn í félags- og mannvísindadeild, stjórn málafræðideild og sálfræðideild. Sé bakgrunnur með tilteknum einingum í tungumálum og samfélagsgreinum opnast væntanlega leiðir í deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, guðfræði- og trúarbragðafræðideild, íslensku- og menningardeild að hluta og sagnfræði- og heimspekideild (að undanskilinni sagnfræði). Deildir Háskóla Íslands geta breytt undanþáguskilyrðum frá ári til árs og kemur þá slíkt fram á heimasíðum þeirra. Margar deildir Háskóla Íslands veita engar undanþágur frá stúdentsprófi.

Nám í Háskólagátt tekur tvær annir, haustönn og vorönn og er lánshæft til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Nemendum gefst kostur á viðbótarnámi á sumarönn en nám á sumarönn er ekki lánshæft hjá LÍN.

Símenntun

Símenntun Háskólans á Bifröst sem er eitt af sóknarsviðum skólans hefur á árinu 2015 haldið áfram að sækja fram með því að bjóða upp á aukið framboð af sérsniðnu námi fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Fjöldmörg fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir sýndu þessu námsframboði áhuga og voru ýmis konar námskeið haldin á árinu 2015 og hafa námskeið á sviði markaðsmála, mannauðsstjórnunar og leiðtogafræða verið sérstaklega vinsæl. Töluvert var um að hópar kæmu á Bifröst og nytu þjónustu og þæginda sem Hótel Bifröst býður upp á.

Ýmiskonar fræðslusamstarf hefur verið við fjölbreyttan hóp samstarfsaðila. Má þar nefna Félag stjórnenda í leikskólum og Félag leikskólakennara sem sóttu námskeið í leiðtogafræðum og mannauðsstjórnun. Iceland travel voru á reglulegum námskeiðum með sitt fólk, Lyf og heilsa fóru með stóran hóp starfsmanna á sölunámskeið og Elkem bauð vakt og flokkstjórum upp á námskeið í mannauðsstjórnun svo eitthvað sé nefnt. Unnið hefur verið að samstarfi við Félag vottaðra fjármálaráðgjafa um endurmenntun þeirra félagsmanna í fjarnámi. Gerð var greining á fræðsluþörfum stjórnenda í Elkem og í kjölfarið fræðsluáætlun. Samskonar vinna var unnin fyrir Samkaup þar sem þarfir fyrir fræðslu og þjálfun starfsfólks voru greindar og fræðsluáætlun unnin í samstarfi við stjórnendur.



Diplómanám í verslunarstjórnun er áfram kennt við Símenntun Háskólans á Bifröst. Þaðan hafa útskrifast hátt í 200 nemendur en til stendur að fara í endurskoðun á þessu námi í tengslum við greiningu á störfum verslunarstjóra sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stendur fyrir og Símenntun Háskólans á Bifröst tekur þátt í.

Máttur kvenna var nú kennt eftir endurskoðaðri námsskrá en ákveðið var

að efla þetta nám með því bæta inn námskeiði um stofnun og rekstarform fyrirtækja auk þess sem meiri áhersla var nú lögð á nýsköpun, frumkvöðlafræði, framkomu og tjáningu.

Auk þessa var áfram boðið upp á nám fyrir sveitarfélög en á árinu voru stjórnendur í sveitarfélaginu Hornafirði útskrifaðir við hátíðlega athöfn úr náminu Sterkari stjórnsýsla.

Símenntun Háskólans á Bifröst tekur þátt í tveimur evrópskum samstarfsverkefnum:

IMPROVE - Símenntun Háskólans á Bifröst og Sveitarfélagið Borgarbyggð eru þátttakendur í verkefni sem hlotið hefur heitið IMPROVE og er styrkt af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPA). Markmiðið er að auka nýsköpun með tæknidrifnum lausnum í opinberri þjónustu í hinum dreifðu byggðum. Áhersla er lögð á að notendur þjónustunnar taki þátt í að móta hana og munu aðferðir við slíkt nýttar og þróaðar. Í Borgarbyggð felst verkefnið í því að efla rafræna þjónustu tengda skipulags og umhverfismálum í gegnum gagnvirka íbúagátt.

TTRAIN - Rannsóknarsetur verslunarinnar og Símenntun Háskólans á Bifröst stýra evrópsku samstarfsverkefni (Erasmus +) sem miðar að því að koma á laggirnar námi fyrir starfsþjálfara í ferðaþjónustufyrirtækjum. Námið miðar að því að til verði sérhæfðir starfsmenn í ferðaþjónustu sem geti tekið að sér þjálfun starfsmanna. Hugmyndin er að starfsþálfarnir nýti bæði skapandi lausnir sem og aðferðir fullorðinsfræðslu til þess að miðla og efla bæði sjálfa sig og annað starfsfólk á vinnustöðunum.

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst sinnir rannsóknar- og þróunarverkefnum fyrir atvinnulíf og samfélag, auk þess að vera akademískum starfsmönnum skólans ráðgefandi við umsóknir um rannsóknastyrki og rannsóknasamstarf. Rannsóknamiðstöðin sinnir einnig verkefnum fyrir innra starf skólans, t.d. fyrir framkvæmdastjórn og fyrir Hollvinasamtök Bifrastar.

Af innra starfi skólans tengdu rannsóknum má nefna að á árinu 2015 var unnið við að efla umgjörð gæðafaerla fyrir rannsóknastarf við skólann. Með innleiðingu nýs skjalakerfis hefur miðlun og varðveisla gagna verið bætt. Á vettvangi rannsóknamiðstöðvar tók Háskólinn á Bifröst einnig þátt í starfi Félags íslenskra rannsóknastjóra ásamt fulltrúum héraðs Háskóla og rannsóknastofnana. Af innlendum rannsóknaverkefnum má nefna vinnu við markhópagreiningu fyrir íslenska ferðaþjónustu. Áfram var svo unnið að söfnun og greiningu gagna um gæði náms og kennslu við skólann. Unnin voru þjónustuverkefni fyrir innlenda aðila úr nærsamfélagi skólans og víðar að.

Samstarfsnet Háskólans á Bifröst heldur áfram að þróast og ný tengsl vegna rannsókna myndast við háskóla í Evrópu. Lögfræðisvið skólans hlaut á árinu styrk til að leiða Erasmus+ verkefni í samstarfi við skóla frá Danmörku og Írlandi og Símenntun Háskólans á Bifröst leiðir Erasmus+ verkefni með samstarfsaðilum frá Austurríki, Finnlandi og Ítalíu. Með hjálp styrkja frá Uppbyggingasjóði EES hafa orðið til þróunarverkefni með samstarfsaðilum frá t.d. Búlgaríu, Portúgal, Póllandi, Rúmeníu og Tékklandi.

Forstöðumaður rannsóknamiðstöðvar er Kári Joensen, lektor.

Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst

Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst var sett á fót 1. ágúst 2005 í samstarfi við heildarsamtök í íslensku atvinnulífi; Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins. Markmið setursins er að vera vettvangur fyrir kennslu, rannsóknir og alhliða faglega umræðu fræðimanna og fagaðila á Íslandi um Evrópumál með sérstaka áherslu á málefni sem snerta atvinnulífið. Forstöðumaður Evrópufræðaseturs er dr. Eiríkur Bergmann, prófessor við Háskólann á Bifröst en hann hefur gegnt stöðu forstöðumanns allt frá stofnun setursins árið 2005. Auk þess að sinna rannsóknum á íslensku og evrópsku stjórn málaumhverfi þá hefur forstöðumaður tekið virkan þátt í umræðu um málefni líðandi stundar í innlendum og erlendum fjölmiðlum. Árið hefur einkennst af þátttöku í viðamiklu alþjóðlegu rannsóknastarfi á sviði popúlisma og þjóðernishyggju í stjórnmálum í Evrópu. Evrópufræðasetrið er til að mynda þátttakandi í Cost-verkefni á vegum Evrópusambandsins um það efni auk margvíslegs annars rannsóknasamstarfs á fræðasviði setursins. Af útgáfum ársins má nefna fjölda birtinga hjá frönskum, rússneskum, íslenskum og alþjóðlegum fræðiútgáfum sem nánar má fræðast um á eirikurbergmann.com.

Rannsóknasetur í menningarstjórnun

Við Rannsóknasetur í menningarstjórnun er unnið að rannsóknum af ýmsum toga á sviði menningarstjórnunar, menningarhagfræði, félagsfræði menningar og menningarfræða. Setrið var sett á fót árið 2007 af Háskólanum á Bifröst, Íslensku óperunni og Félagi íslenskra hljómlistarmanna, og tilgangur þess var að stuðla að margvíslegum rannsóknum á sviði menningarmála og á hlutverki menningar í samfélaginu. Fyrir fáeinum árum setti setrið upp vefsvæði þar sem birtar eru vísindagreinar, upplýsingar um lesefni tengt fræðasviði setursins, áhugaverðir tenglar um menningarmál og listi yfir lokaritgerðir í meistaranámi í menningarstjórnun. Á árinu 2015 var auk rannsókna, unnið að þróun samstarfs við erlendar stofnanir á sviði menningarstjórnunar. Af útgefnu efni má nefna grein dr. Njarðar Sigurjónssonar, Hávaði búsáhaldabyltingarinnar, sem birt var í Ritinu og bókina *Cultural Economics* eftir dr. Ágúst Einarsson sem Háskólinn á Bifröst gefur út. Umsjónarmenn setursins eru dr. Njörður Sigurjónsson dósent og dr. Ágúst Einarsson prófessor og stunda þeir báðir rannsóknir tengdar setrinu, t.d. rannsóknir á menningarstefnu og stjórnun, rannsóknir á hagrænum áhrifum menningarstarfsemi og fleira. Við Háskólann á Bifröst er boðið upp á nám til MA gráðu í menningarstjórnun, og tengjast rannsóknir setursins oft með beinum hætti við nám nemenda.

Rannsóknastofnun atvinnulífsins Bifröst

Rannsóknastofnun atvinnulífsins starfar sem sjálfseignastofnun á vegum Háskólans á Bifröst og Samtaka atvinnulífsins og var stofnuð á árinu 2013 með sérstöku framlagi frá Samtökunum til tveggja ára. Á árinu 2015 var unnið að fjórum rannsóknaverkefnum. Tveimur þeirra, rannsókn á tækifærum og nýbyggingamálum Landspítalans lauk á árinu og rannsókn á kjarasamningum á Íslandi, í Svíþjóð og í Danmörku. Tveimur verkefnum er enn ólokið; rannsókn á samspili erlendra fjárfestinga og pólitísku stöðugleika og rannsókn á áhrifum væntanlegra breytinga á aldurssamsetningu íbúa landsins undir heitinu Ísland 2060. Starfsemi Rannsóknastofnunar atvinnulífsins og stuðningur Samtaka atvinnulífsins hafði verulega þýðingu fyrir Háskólann á Bifröst. Framhald starfseminnar hefur ekki verið ákveðið.

Alþjóðasvið

Starfsemi alþjóðadeildar hefur aukist töluvert frá því sem verið hefur undanfarin ár. Alþjóðafulltrúi sótti ráðstefnu EAIE (European Association for International Education) í Glasgow í september. Þessi ráðstefna er helsti vettvangur skólans til að byggja upp alþjóðleg tengsl, hitta fulltrúa annarra skóla og leggja drög að samningum. Alþjóðafulltrúi tók þátt í sérstakri vinnusmiðju á ráðstefnunni sem tileinkuð var Alþjóðlegum sumarskólum. Undirbúningsvinna fyrir Alþjóðlegan sumarskóla hófst á árinu og fór alþjóðafulltrúi í



kynningarferð til Singapore í október, alls höfðu níu umsóknir borist í lok árs. Á árinu sótti Háskólinn á Bifröst um Fulbright scholar fyrir skólaárið 2016-17 og höfðu sex áhugasamir bandarískir sérfræðingar sótt um í lok árs. Alþjóðafulltrúi kynnti sér starfsnámsmöguleika á Möltu og gerði þar samstarfssamning við stóra vinnumiðlun. Fyrsti starfsneminn fór frá Háskólanum á Bifröst til Möltu á haustönn með Erasmus styrk. Erlendir skiptinemar á vorönn voru 15 talsins, 7 stunduðu nám á sumarönn og 22 komu til náms á haustönn. Þar af greiddu 3 erlendir nemendur skólagjöld. Skiptinemar eru sem fyrr flestir frá evrópskum samstarfsskólum, en skiptinimum frá Kóreu, Singapore og Japan hefur einnig farið fjölgandi. Skiptinemar frá Bifröst sem stunduðu nám við samstarfsskóla voru 3 á vorönn en 14 á haustönn. Skólinn er nú með samninga við 63 erlenda samstarfsskóla. Þrír nýir samningar voru gerðir á árinu. Sjö kennarar við skólann fengu Erasmus styrki til að vera um tíma við erlendan samstarfsskóla á skólaárinu 2015-2016. Rússneskur starfsnemi gekk til liðs við alþjóðaskrifstofuna á seinni hluta ársins og aðstoðaði við að sinna auknum umsvifum deildarinnar í þrjá mánuði. Alþjóðafulltrúi er Karl Eiríksson.

PRiME-viðmið um ábyrga stjórnun og menntun

Sameinuðu þjóðirnar hafa frá árinu 2007 staðið fyrir átaki í samstarfi við fjölmargar menntastofnanir um að leggja áherslu á að mennta ábyrga leiðtoga með tilliti til samfélagsábyrgðar og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Háskólinn á Bifröst gekk inn í samstarfið árið 2011 og var jafnframt fyrstur íslenskra háskóla til að taka þátt. PRiME er heitið á samstarfinu en skammstöfunin stendur fyrir Viðmið um ábyrga stjórnunarmenntun (e. Principles for responsible management education). PRiME samstarf Sameinuðu þjóðanna gengur út á að tvíanna lögmál, gildi og viðhorf sjálfbærrar þróunar inn í alla kennslu og starfsemi háskóla og auka þannig vitund og skilning skólasamfélagsins á sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð.

Þátttakendur þurfa annað hvert ár að skila stöðuskýrslu um málefni PRiME og í febrúar 2015 skilaði Háskólinn á Bifröst inn sinni greinargerð þar sem farið var yfir helstu verkefni skólans og framgang er varða PRiME viðmiðin.

Síðastliðið ár hefur verið lögð áhersla á að samþætta gildi PRiME við leik og starf nemenda og starfsfólks háskólans. Í stýrihópi verkefnisins eru dr. Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektor, Auður Ingólfsdóttir lektor, dr. Njörður Sigurjónsson lektor, Kári Joensen aðjúnkt, Sigrún Jónsdóttir kennslustjóri og Halla Tinna Arnardóttir verkefnastjóri kennslu.

Þrír vinnuhópar hafa verið að störfum; vinnuhópur um græna Bifröst þar sem áhersla er lögð á sjónarmið umhverfisverndar í samfélaginu á Bifröst, vinnuhópur um heilbrigðari Bifröst þar sem lýðheilsuleg málefni eru í fyrirrúmi og svo hefur stýrihópurinn unnið að því að kynna hugmyndafræði

PRiME fyrir kennurum skólans með það í huga að gildi PRiME séu fléttuð með markvissum hætti inn í kennslu. Eðli málsins samkvæmt tekur það tíma að vinna að framgangi þessara verkefna, en unnið hefur verið að verkáætlun sem fylgja á í framhaldinu.

Verkefnastjóri kennslu hefur haft umsjón með PRiME og sinnt utanumhaldi verkefnisins en hún og aðstoðarrektror fóru á fræðslufund hjá Copenhagen Business School (CBS) í Kaupmannahöfn og í framhaldi af því hófst m.a. skipulagning vinnustofu hér á landi í samstarfi við HR um PRiME hugmyndafræðina.

Þau gildi sem felast í PRiME um ábyrgja stjórnunarmenntun ríma vel við gildi skólans og markmið um að mennta samfélagslega ábyrgja leiðtoga og vonir standa til að Háskólinn á Bifröst verði ennþá öflugri þátttakandi í þessu verkefni er fram líða stundir.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi skólans skólaárið 2015 var Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir í 100% stöðuhlutfalli

Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafa

Kröfur sem gerðar eru til náms- og starfsráðgjafa eru að þeir geti tekist á við hvers konar vandamál sem nemendur koma með og unnið úr þeim á sem farsælastan máta. Því er mikilvægt að þeir hafi tilskylda menntun sem menntamálaráðuneytið fer fram á til að veita löggildingu, en það er liður í því að tryggja að nemendur fái faglega ráðgjöf.

Náms- og starfsráðgjafar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir eru málsvarar og trúnaðarmenn nemenda og skjólstaðinga þeirra og gefa ekki upp nöfn þeirra sem til þeirra leita. Náms- og starfsráðgjafar veita persónulega ráðgjöf vegna örðugleika er koma niður á árangri eða vellíðan í námi og geta nemendur sem reynist erfitt að standa sig í námi vegna áfalla eða erfiðleika í einkalífi rætt mál sín í trúnaði við þá.

Náms- og starfsráðgjafar veita nemendum ráðgjöf og miðla upplýsingum um möguleika og framboð á námi og störfum og veita einstaklingum sem stefna á nám við skólann ráðgjöf varðandi námsval. Þeir leiðbeina nemendum við að tileinka sér öguð vinnubrögð og tímastjórnun og sjá einnig um að leiðbeina og halda utan um þá nemendur sem þurfa á sérúrræðum í námi að halda og um þau úrræði sem í boði eru hjá skólanum. Auk þessa veita þeir starfsmönnum stuðningsviðtöl og handleiðslu.

Námskeið

Aðstoð sem veitt er af náms- og starfsráðgjöfum fer aðallega fram í gegnum viðtöl en einnig í gegnum símaviðtöl, tölvupóst og námskeið. Árið 2015 voru námskeið um skipulögð vinnubrögð, tímastjórnun, markmiðssetningu, námstækni, lestrartækni, glósutækni og um prófundirbúning, próftöku og að takast á við prófkvíða kennd á vefnum sem og í hefðbundnu fyrirlestraformi á Bifröst. Eingöngu var farið með námskeið í prófkvíða og próftöku á Suðurgötu. Að auki voru keyptir inn fyrirlestrar frá Jóhönnu Kristínu Jónsdóttur sálfræðingi um sjálfsmynd, jákvæð samskipti og vellíðan.

Framboð og eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2015 var náms- og starfsráðgjafi með viðveru á skrifstofu sinni á Bifröst alla daga nema fimmtudaga þegar hún var staðsett á kennsluskrifstofu. Nemendur gátu pantað tíma fyrirfram eða komið við og fengið viðtal ef ráðgjafi var laus þá stundina. Fjarnemar og staðnemar leita ráðgjafar en með misunandi móti. Staðnemar koma oftár í viðtalstíma en fjarnemar fá oftár ráðgjöf í gegnum síma, tölvupóst eða Skype.

Bóka- og skjalasafn

Starfsmenn

Þórný Hlynsdóttir og Ásta G. Rögnvaldsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingar hafa sinnt störfum á bókasafninu. Arnar Stefánsson og Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, nemendur við skólann hafa tekið vaktir eftir þörfum.



Starfsemin

Öll hefðbundin bókasafnsþjónusta var veitt í safninu, útlán, millisafnalán, upplýsingaþjónusta og upplýsingakennsla.

Afgreiðsla safnsins var opin virka daga frá kl.

10 - 17 en kvöldopnun hætti haustið 2015 vegna lítillar notkunar. Í staðinn var opnunartími um vinnuhelgar lengdur þannig að opið var til kl. 18 á föstudögum og í tvo tíma á laugardögum á vinnuhelgum í grunn- og meistaranámi.

Háskólinn á Bifröst varðveitir 908 lokaverkefni í Skemmuni, sem er rafrænt varðveislusafn fyrir lokaverkefni allra háskóla á Íslandi og bætist í hana jafnt og þétt. (Háskólarnir vinna að því að koma á rafrænu varðveislukerfi fyrir rannsóknir starfsmanna í samræmi við samþykktir háskólanna og Rannís um opinn aðgang og er búið að taka frá lénið www.opinvisindi.is fyrir það.)

Safnkynningar hafa verið haldnar í Háskólagátt og á nýnemadögum sem hafa gefist vel.

Safnkostur

Prentað efni

Áfram var haldið að byggja upp safnkostinn og markvisst keypt inn rit sem nýtast lögfræðisviði og félagsvísindasviði, en átak var gert á síðasta ári í innkaupum bóka fyrir viðskiptasvið.

- Ný prentuð aðföng árið 2015 voru **1.006** eintök og **827** titlar.
- Unnið er að skráningu rita í Guðmundarsafni og sér fyrir að því verki ljúki veturinn 2016 – 2017.
- Enn er nokkuð til af óskráðu efni frá Samvinnuskólanum og er gripið í það þegar færi gefst.
- Grisjun. Nokkuð af ritum úr hillum safnsins var sett í kassa og fært í geymslu til að létta á hilluplássi í ákveðnum efnisflokkum.
- Í lok desember 2015 var búið að skrá 20.243 eintök bókasafnsins í Gegni og heildarfjöldi titla var 13.300.

Rafrænt efni

Nokkuð var dregið úr kaupum að rafrænum gagnasöfnum til viðbótar þeim söfnum sem landsaðgangurinn **Hvar?is** býður upp á.

- Nú er keyptur aðgangur að:
 - JSTORcollection – Business og Art & Sciences
 - Karnov (grunnáskrift)
 - OECDi-library, gagnasafn
 - FonsJuris
 - Gagnasafni Morgunblaðsins
 - DV

- Viðskiptablaðið
- Lögbirtingarblaðið
- Snara, veforðasafn

Unnið var að því að auðvelda aðgengi að séráskriftunum í leitir.is og farið yfir úrtak titla og birting þeirra lagfærð.

Útlán

- Heildar útlán voru **2.629**
- Í millisafnalánum voru fengin 76 rit að láni og útvegaðar 35 greinar/bókakaflar, alls **111** gögn.
- Til annarra safna voru lánuð 52 rit og 2 greinar/bókakaflar eða **54** alls .

Heimasíða

Á heimasíðu bókasafnsins er reynt að miðla upplýsingum um þjónustu við nema og aðra rannsakendur. Upplýsingar um aðgengi að séráskriftum, mikilvægi VPN tengingar fyrir þá sem ekki eru á staðnum, leiðbeiningar um leit í gagnasöfnum, heimildaöflun og frágang heimilda. Heimasíðan er í stöðugri vinnslu, en þörf er á stöðugu eftirliti með að upplýsingar þar úreldist ekki og séu réttar.

Samfélagsmiðlar

Fylgjendur bókasafnsins á fésbók telja í árslok 270 manns. Reynt er að miðla upplýsingum um þjónustu, opnunartíma, heimildaleit, heimildaskráningu auk komu nýrra rita á síðunni. Fésbókarsíða bókasafnsins er mikið heimsótt og virðist ánægja með hana. Slóðin er: www.facebook.com/bokasafnHB

Bókasafnið skráir nýjar fræðibækur á vefinn LibraryThing.com, þegar þær berast því þar er hægt að sjá forsíður bóka og tengill á heimasíðu safnsins birtir þannig nýkomin rit á myndrænan hátt.

Samstarf við bókasöfn á Íslandi og erlendis

- Verkefnastjórn Skemmunnar (PH)
- Háskólabókaverðir á Íslandi (PH)
- Upplýsingalæsis hópur háskólanna (PH)
- Háskólabókavörður situr einnig í undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnu um upplýsingalæsi (Creating Knowledge, CKVIII) sem haldin verður í Reykjavík 2.-3. júní 2016.
- Auk námsskeiða hjá Landskerfi bókasafna vegna tölfræðikeyrslna fór háskólabókavörður á eitt námsskeið í skjalastjórnun hjá Skipulag og skjöl.

Skjalastjórnun

Skjalasafn Samvinnuskólans var tekið úr skjalageymslu og flutt á skrifstofu háskólabókavarðar, sem sér um að útbúa skjalaskrá og afhendingu til Þjóðskjalasafns Íslands.

Skjalakerfið OneCRM

Á árinu samþykkti Þjóðskjalasafn Íslands Málalykil Háskólans á Bifröst og var það mikilvægur áfangi í skjalastjórn skólans.

Starfsmenn hafa allir fengið leiðsögn til að byrja skjalavistun og skráningu skjala í One kerfið, eftirfylgni er enn þörf til að starfsmenn þjálfist í skjalavistun í daglegum störfum og læri á samspil One og Microsoft skrifstofupakka. Notendur með Mac tölvur lenda í vandræðum og geta ekki umgengist skjöl í One sem skyldi.

Á árinu 2015 bættust 161 mál í kerfið, langflest þeirra eru „Almenn mál“ eða 113.

Frá upphafi (2013) hafa 490 mál verið skráð í One kerfið. Einhver eldri skjöl hafa verið flutt af skrifstofudrifi í kerfið sem ná allt aftur til ársins 2007

	Dags	Skjöl
<input type="checkbox"/>	2007	105
<input type="checkbox"/>	2008	26
<input type="checkbox"/>	2009	78
<input type="checkbox"/>	2011	135
<input type="checkbox"/>	2012	46
<input type="checkbox"/>	2013	326
<input type="checkbox"/>	2014	3.673
<input type="checkbox"/>	2015	7.081
<input type="checkbox"/>	2016	2.271
Samtals 13.741 atriði		

Myndin sýnir skjáskot af fjölda atriða í One-crm, 19. apríl 2016

Í OneCRM eru varðveitt 6.500 skjöl og 4.600 tölvupóstar.

Umfang skjala í One kerfinu vex jafnt og þétt og huga þarf að því að loka málum sem búið er að afgreiða en það auðveldar notendum umgengni við kerfið að hafa ekki of mörg virk mál.

Markaðs- og kynningarmál

Markaðs- og kynningarstarf var með nokkuð hefðbundnum hætti árið 2015 en tveir starfsmenn störfuðu á markaðssviði, markaðsstjóri og margmiðlunarhönnuður.

Auglýsingastofan Jónsson & Le'macks hafði séð um hönnun kynningarefnis nokkur ár á undan en ákveðið var að slíta því samstarfi og leita til markaðsstofunnar Manhattan Marketing (MM). Stefnumótunarvinna fór strax í gang á vegum MM til að greina markhópa, skilaboð og framsetningu á efni. Þessi vinna skilaði af sér vel útfærðri stefnu sem birtist í sjónvarpsauglýsingu sem framleidd var af Tjarnargötunni.



Háskólinn á Bifröst tók þátt í árlegu samstarfi háskólanna sem kallast „Háskóladagurinn“ árið 2015 með sameiginlegri kynningu á skólanum og undirbúningi dagsins. Bifröst var með kynningu á sínu námsframboði í Háskólanum í Reykjavík 28. febrúar og var tekið á móti fjölmörgum gestum. Í kjölfarið tók skólinn þátt í sameiginlegri kynningu háskólanna víðsvegar um landið.

Flestir framhaldsskólar á landinu voru heimsóttir og einnig var farið í heimsókn á nokkra vinnustaði víðs vegar um landið. Fjöldmargir framhaldsskólanemar komu auk þess á Bifröst til að kynna sér nám og störf í skólanum. Nemendur voru virkir á þessum kynningum og var samstarf þeirra við markaðsdeild skólans ákaflega gott.

Opinn dagur á Bifröst er árlegur viðburður og var þetta árið haldinn þann 1. maí á Bifröst í blíðskaparveðri. Sótti mikill fjöldi skólann heim og þótti dagurinn takast mjög vel.

Lögð var áhersla á að styrkja enn frekar þá ímynd og útlit skólans sem byggð hafði verið upp árið á undan með áherslu á gæði námsins og persónulega þjónustu. Sérstök áhersla var lögð á námið sjálft og þá staðreynd að hægt væri að stunda nám við Bifröst hvar sem þú værir staddur í heiminum.

Auglýst var í prentmiðlum, vefmiðlum, útvarpi, skjáauglýsingum, og á Facebook. Mest var auglýst á tímabilinu apríl – júní. Birtingarhúsið hélt utan um birtingarátætlun í samstarfi við Háskólann á Bifröst og Manhattan Marketing.

Margmiðlunarhönnuður framleiddi fjölmörg myndbönd þar sem m.a. voru tekin viðtöl við útskrifaða nemendur skólans undir heitinu „Hvar eru þau nú“. Myndböndin eru öll sjánleg á YouTube og Facebook, ásamt að vera vel sýnileg á heimasíðu undir hverri námslínu.

Samfélagsmiðlar voru vel nýttir og sérstök áhersla var lögð á að fréttir frá skólanum birtust sem flestum á þeim miðlum. Þeir miðlar sem skólinn var virkur á árinu voru Facebook, Twitter, LinkedIn og YouTube.

Fréttabréf Háskólans á Bifröst kom út sjö sinnum árið 2015 og var sent á alla Hollvini skólans og núverandi nemendur auk þingmanna, framhaldsskóla, sveitarfélaga og nærsveitunga.

Tölvuþjónusta

Hugbúnaður

Mjög vel hefur gengið að setja upp og nota Office365 hugbúnaðinn, bæði fyrir starfsmenn og nemendur. Öll dreifing hugbúnaðarins hefur verið einfölduð og er nú í vefviðmóti póstsins (vefpostur.bifrost.is).

Panopto í stað eMission

Vegna kostnaðar við eMission kerfið og skort á uppfærslum var ákveðið að skoða aðra valmöguleika til upptöku og dreifingar á kennsluefni. Að lokinni skoðun á þeim lausnum sem voru í boði og með tilliti til þess hvað aðrir háskólar á Íslandi eru að nota þá var ákveðið að skoða nánar kerfið Panopto og er í notkun í HÍ. Leitað var tilboða frá Panopto. Áætlað er að það spari um það bil 30%. Ekki hefur ennþá unnist tími til að klára prófanir á kerfinu en stefnt er að því fyrir haustið 2016.

Prentþjónusta

Nýherji þjónustar skólanum með alla prentun (rent-a-prent) eins og á síðasta ári. Vegna minni útprentana en gert hafði verið ráð fyrir í samningi, þarf að endurskoða samninginn við Nýherja, sem leiðir til einhverrar hækkunar vegna útprentunar. Samkvæmt núgildandi samningi þá þarf að endurskoða hann, þar sem hann miðast við ákveðið lágmark fjölda útprentana á ári.

Netumhverfi

Gerður var nýr samningur við Orkuveituna um framhald ljósleiðaraþjónustu (stofntengingu við Rhnet) við skólann. Sá samningur sem sem í gildi var, átti að gilda til maí 2016 og því var ákveðið að fara strax í að ræða nýjan samning í von um að ná fram lækkun kostnaðar.

Fengin voru tilboð frá Símanum og Orkuveitunni og var ákveðið að ganga til samninga við núverandi þjónustuaðila, Orkuveituna. Samningur náðist og var um 60% lækkun á mánaðargjöldum. Samið var um að samningurinn tæki gildi í október 2015 í stað þess að klára gamla samninginn, þannig að lækkunin kom strax. Þessi nýi samningur gefur okkur möguleika á að stækka tenginguna úr 1GB í 10GB án frekari kostnaðar, og er ætlunin að fara í þá stækkun sumarið 2016.

Hafist var handa um að skipta út elstu netbeinum (switchum) fyrir íbúðir nemenda og starfsmanna 2014. en það er nauðsynlegt til þess að hægt sé að setja upp þráðlausa senda á svæðinu. Jafnframt þeirri vinnu var byrjað á uppsetningu þráðlausra senda. Stefnt er að þessu verkefni ljúki innan þriggja ára. Nú er það verkefni rúmlega hálfnað og ljóst að það klárast ekki fyrr en á árinu 2017.

Hamragarðar

Í vetur hefur verið unnið að því að leggja að og tengja þráðlausa senda í Hamragörðum (Hótel Bifröst) en vandasamt hefur verið að tengja þráðlaust net þar. Stefnt er að því að klára verkefnið fyrir sumarið 2016.

Eldveggur

Undir lok ársins 2014 var eldveggur netkerfisins endurnýjaður og gefur hann mikla möguleika varðandi stjórnun á netumferð ásamt möguleikum á aukningu á flutningsgetu vegna aukinnar netnotkunar við t.d. kennslu til nánustu framtíðar. Eldveggur var endurnýjaður um áramót og er fyrirséð að hann muni anna netumferð skólans næstu fimm til sex árin.

Ákvörðun hefur verið tekin að kaupa nýjan eldvegg sem getur nýtt 10GB tengingu og verður þá notaður sem aðaleldveggur og eldri eldveggurinn notaður sem varaeldveggur (1GB).

Afritun

Á árinu 2015 var afritunarstöðin stækkuð umtalsvert til að undirbúa afritun á upptökum vegna kennsluefnis og aukningu annars efnis á netþjónum skólans. Huga þarf að því að skipta um kerfi og taka í notkun kerfi sem gerir kleift að afrita sýndarvélur í heilu lagi.

Netþjónar

Klárað var að stækka netþjóna (vinnsluminni og harða diska). Núna eru keyrðir 18 sýndarþjónar á netþjónum skólans. Að mestu hefur verið lokið við að skipta út netbeinum (switchum) í íbúðum nemenda og er stefnt á að ljúka því verki að fullu ekki seinna en á árinu 2016 - 2017.

Samhliða því, hefur verið skipt út þráðlausum sendum í skólabyggingum og settir nýir og hraðvirkari sendar, sökum aukins álags á þráðlausa netið. Áætlað er að deila þessu verki á tvö ár og að því verði lokið um mitt ár 2016 -2017.

Varaafstöð fyrir netkerfi

Vegna ítrekaðra rafmagnstruflana á veturna, þá hafa orðið vandræði við að halda kerfinu uppi, þrátt fyrir varaafli á rafgeymum og stillingar netþjóna jafnvel farið forgörðum í slíkum rafmagnstruflunum. Því hefur verið ákveðið að kanna hvað kostar að setja upp litla díesel rafstöð sem myndi anna því að halda netþjónum og einhverjum þráðlausum sendum gangandi og tengdum við umheiminn jafnvel þótt rafmagn færi af.

Tilboð hefur ekki borist, en verið er að skoða rafhlöðu aflstöð í staðinn. Vonast er til að tilboð fái í sumar (2016).

Kennslukerfi

Háskólinn nýtir hugbúnaðinn Myschool-Námsnet við utanumhald um nám, kennslu og stoðþjónustu í skólanum. Helstu undirkerfi Myschool-Námsnet eru umsóknarkerfi, nemendabókhald, kennslukerfi, ferilskrárkerfi og endurmenntunarkerfi. Kerfið sem tekið var í notkun skólaárið 2011-12 hefur verið í stöðugri þróun og aðlögun að þörfum skólans. Allar kerfiseiningar eru áfram vistaðar og afritaðar á netþjónum háskólans.

Við miðlun á margmiðlunarkennsluefni notar skólinn eMission hugbúnað sem er aðlagður að kennslukerfinu og allir notendur saminnskráðir öðrum kerfum. Allt efni er vistað og afritað á netþjónum Nepal hugbúnaðar. Aðrar lausnir til upptöku í notkun eru Camtasia Studio og hafa prófanir verið gerðar á notkun Panopto upptökubúnaði.

Exam4 forritið var tekið í notkun á árinu, með því er mögulegt að stýra notkun á tölvum nemenda í hluta- og lokaprófum. Kerfið takmarkar aðgengi nemenda að eigin gögnum og interneti eftir fyrirfram gefinni forskrift. Það hefur reynst vel og hefur nýst við próftöku á öllum sviðum skólans.

EEA verkefni með Bielsko Biala í Póllandi

Lokið var EEA styrktu verkefni með Viðskiptaháskólanum í Bielsko Biala í Póllandi. Markmið verkefnis var yfirfærsla þekkingar á kennslukerfum ásamt öðrum stoðkerfum Háskólans á Bifröst. Viðskiptaháskólinn í Bielsko Biala var hjálpað við að koma upp Moodle kennslukerfi, að ráðleggingu tölvudeildar. Kennslukerfið er nú notað til kennslu í 25 áföngum með góðum árangri. Fór starfsmaður tölvudeildar í viku dvöl til Bielsko Biala til þjálfunar starfsmanna og kennara ásamt frágangi nýja kerfisins.

Bett 2015

Tölvudeild heldur áfram að rækta erlent samstarf. Deildin tók þátt í stærstu tæknisýningu Bretlands Bett 2015. Á Higher Education Summit ráðstefnunni hélt deildin kynningu ásamt rektor. Þar voru kynntar breytingar á kennsluháttum í vendikennslu og breytinum sem skólinn fór í gegnum árið 2014. Var vel látið að kynningunni og spunnust gagnlegar umræður. Góðar tengingar sköpuðust í kjölfar þessarar ferðar við ýmsa háskóla beggja megin Atlantshafsins.

Loks kom tölvudeild Danibus Háskóla sem staðsettur er í Galati Rúmeníu, í heimsókn. Kynntu þeir sér starfsemi á Bifröst og miðluðu eigin reynslu.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst

Stjórn nemendafélagsins tók til starfa í febrúar 2015 og hana skipuðu:

Formaður: Snorri Guðmundsson, síðar Andri Már Ágústsson
Varaformaður: Aðalheiður Björk S. Pedersen, síðar Snorri Guðmundsson
Gjaldkeri: Andri Már Ágústsson, síðar Aðalheiður Björk S. Pedersen
Upplýsinga- og kynningafulltrúi: Svanberg Halldórsson
Hagsmunafulltrúi: Ívar Örn Þráinsson
Skemmtanafulltrúi: Eva Björk Ernudóttir
Fulltrúi nýnema: Ellen Ósk Eiríksdóttir
Fulltrúi fjarnema: María Dís Sigurjónsdóttir

Starfsár nýrrar stjórnar hófst af krafti í febrúar eftir frábæra árshátíð nemendafélagsins sem haldin var á Hótel Borgarnesi. Gettu Bifröst var á sínum stað og mættust viðskiptafræðinemar og meistaranemar í úrslitum, fjölmargir mættu til þess að styðja sitt lið. Fór svo að meistaranemar höfðu sigur eftir spennandi keppni. Hroki var einnig á sínum stað og fór svo að viðskiptafræðinemar fóru með sigur af hólmi í æsispennandi keppni. Fjölmargir smærri viðburðir voru haldnir á árinu og ber það helst að nefna regluleg Pubquiz og Karokí kvöld auk þess voru haldin stórskemmtileg „Lip-sing battle“ kvöld.

Á Bifröst hefur skapast hefð fyrir fjölmörgum viðburðum sem haldnir eru árlega og eru ómissandi í hugum nemenda og starfsfólks. Ekki var vikið frá þessum viðburðum á árinu og stóð nemendafélagið í



samstarfi við skemmtinefnd að þeim og má þar nefna Sápúboltann, Nýnemaballið, Biftóberfest og Hallloween. Sjéntilmannaklúbburinn á Bifröst stóð fyrir sinni árlegu sumarhátíð í ágúst með stuðningi nemendafélagsins. Starfsári stjórnarinnar lauk með með glæsilegri árhátíð í mars sl. sem haldin var hér á Bifröst

Árlegum styrkjum úr félagsmálasjóði var dreift til félaga og klúbba innan skólans. Styrkjunum var bæði dreift á vorönn og haustönn. Virk

félög og klúbbar árið 2015 voru Sjéntilmannaklúbburinn, konuklúbburinn Andrómedur, Ljósmyndafélagið, spilafélagið, körfuknattleiksfélagið Bibba Basket, Crossfit Bifröst og Frumkvöðlasetrið EXO.

Hollvinasamtök Bifrastar

Allir þeir sem hafa útskrifast frá Samvinnuskólanum, Samvinnu-háskólanum, Viðskiptaháskólanum á Bifröst og Háskólanum á Bifröst verða sjálfkrafa meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar nema að viðkomandi óski sérstaklega eftir því að verða það ekki. Aðrir sem geta orðið meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar eru núverandi og fyrrverandi starfsmenn skólans

Markmið Hollvinasamtaka Bifrastar eru meðal annars að efla og viðhalda tengslum milli yngri og eldri nemenda skólans og annarra sem bera hag skólans fyrir brjósti, að styðja við uppbyggingu og að efla skólastarfið á Bifröst. Til að ná fram markmiðum sínum tilnefna samtökin fulltrúa í stjórn skólans og fulltrúaráð.



Hollvinasamtökin hafa yfir að ráða heimasíðu sem var aukin og endurbætt á árinu 2015. Er hún miklum mun aðgengilegri og skilvirkari en sú sem fyrir var. Þá eru samtökin með virka Facebook-síðu þar sem sjá má fréttir frá Bifröst, fréttir af Bifrestingum og svo getur fólk sent inn fyrirspurnir og gefið ráð. Samvinnan er með öðrum orðum allsráðandi á milli Bifrestinga inni á þessari síðu.

Á aðalfundi Hollvinasamtaka Bifrastar 2014 var stofnaður Hollvinasjóður Bifrastar. Megintilgangur sjóðsins er samkvæmt skipulagsskrá að efla og auka veg háskólans, m.a. með því að leggja skólanum til fjármagn til skilgreindra ákveðinna verkefna. Skilgreint fyrsta verkefni sjóðsins er viðhald á eldra húsnæði skólans, hátíðarsal og Kringlu, sem skipt verður niður í hæfilega verkþætti sem fjáröflun sjóðsins ræður við hverju sinni, allt í samráði við stjórn skólans og stjórnendur.

Á árinu 2015 náðist að safna talsverðu fé í sjóðinn og er ákveðið að ráðast í fyrsta áfanga í viðhaldi á elsta skólahúsinu á vordögum 2016, þ.e. að skipta um gler og lagfæra glugga í hátíðasal og Kringlu ásamt lagfæringum á gluggum á Skakka.

Í stjórn Hollvinasjóðs Bifrastar eru:

Aðalfulltrúar:

Óli H. Þórðarson formaður
Þorvaldur T. Jónsson ritari
Viðar Þorsteinsson gjaldkeri

Varafulltrúar:

Hallur Jónasson
Finnbjörn Börkur Ólafsson

Það er trú samtakanna að öflug Hollvinasamtök geti ekki bara orðið skólanum til góðs heldur öllum Bifrestingum, bæði þeim sem nú stunda nám við skólann og þeim sem hafa lokið námi. Samvinna og tengslanet er eitt af því dýrmætasta sem nemendur við skólann taka með sér út í atvinnulífið. Auk þessa þarf að halda tengslanetinu við og er það best gert með samvinnu í anda þess sem kennt hefur verið í skólanum um árabil. Í júní 2015 var efnt til endurfunda Bifrestinga í Reykjavík og mættu þar á þriðja hundrað útskrifaðra Bifrestinga. Er þetta einn liður í þeirri viðleitni að viðhalda tengslum milli eldri og yngri nemenda skólans og er áformað að þetta verði árlegur viðburður í starfi samtakanna.

Í stjórn Hollvinasamtaka Bifrastar sátu eftirtaldir einstaklingar á árinu 2015:

Aðalfulltrúar:

Hallur Jónasson formaður
Arnar Snær Pétursson
Hörður Harðarson
Regína Sigurgeirsdóttir
Sigrún Hermannsdóttir
Snorri Guðmundsson, tilnefndur af nemandafélagi Háskólans á Bifröst
Þórir Páll Guðjónsson, tilnefndur af rektor Háskólans á Bifröst

Varafulltrúar:

Böðvar Sigurbjörnsson
Geirlaug Jóhannsdóttir

Fjármál og rekstur

Tekjur Háskólans á Bifröst á árinu 2015 námu 831,7 milljónum kr. (m.kr.). Samningsgreiðslur frá ríki námu 336,0 m.kr. en aðrar tekjur 495,7 m.kr. Samningsgreiðslur frá ríki eru að langstærstum hluta kennsluframlag byggt á nemendaígildum en einnig er framlag til rannsókna. Framlög frá ríki byggja á samningi milli skólans og ríkisins sem var gerður í upphafi árs 2012. Aðrar tekjur eru að stærstum hluta skólagjöld eða 353,4 m.kr. Helstu tekjur aðrar eru vegna rannsókna, af námskeiðahaldi, leigutekjur vegna húsnæðis, rekstur kaffihúss og þjónustu við nemendagarða. Rekstrargjöld skólans á árinu 2015 námu 824,1 m.kr. að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum. Laun og launatengdur kostnaður nam 601,9 m.kr. eða um 71% af rekstrargjöldum. Meðalfjöldi starfsmanna var 55 á árinu en auk þess kom fjöldi stundakennara að kennslu líkt og áður. Húsnæðiskostnaður nam 57,1 m.kr., rekstur tölvukerfa 28,7 m.kr., skrifstofu og kennslukostnaður 34,3 m.kr., kynningarmál 32,8 m.kr., vörukaup til kaffihúss 9,4 m.kr. og niðurfærsla krafna 19,5 m.kr. Annar kostnaður var 40,4 m.kr. Afskriftir voru 20,2 m.kr. og fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur voru 42,3 m.kr. Tap ársins nam 54,9 m.kr. Skuldbinding vegna orlofs starfsmanna er nú færð í reikning félagsins í fyrsta sinn en hún nemur um 29,9 m.kr.

Starfsfólk

Í árslok 2015 voru 92 einstaklingar við störf við Háskólann á Bifröst, þar af eru stundakennarar 35 talsins. Fastir starfsmenn voru því 57 í árslok 2015, en nokkrir þeirra eru í hlutastarfi. Á háskólaskrifstofu störfuðu í árslok 2015 12 karlar og 12 konur. Í viðhaldi, ræstingu og öryggisvörslu störfuðu 4 karlar og 1 kona í lok ársins 2015. Fastráðnir akademískir starfsmenn voru í árslok 2015 28 talsins, 19 karlar og 9 konur.

	kk	kvk	% kk	% kvk
Háskólaskrifstofa	24	12	50%	50%
Viðhald, ræsting og öryggisvarsla	5	4	80%	20%
Fastráðnir akademískir starfsmenn	28	19	68%	32%
Stundakennarar	35	25	71%	29%
Samtals	92	60	65%	35%

Ársreikningur 2015

Allar tölur í milljónum króna

Rekstrarreikningur	2015	2014	2013	2012
Rekstrartekjur	831,7	845,3	788,1	713,0
Rekstrargjöld	824,1	940,6	738,0	678,0
Rekstrarafgangur (-tap)	7,6	(95,3)	50,1	35,0
Afskriftir	20,2	20,8	19,7	20,0
Fjármagnsliðir	42,3	34,8	29,9	37,9
Rekstrarniðurstaða	(54,9)	(150,9)	0,5	(22,9)
Eignir				
Fastafjármunir	398,7	385,0	392,4	402,0
Veltufjármunir	107,2	112,2	136,0	101,0
Eignir samtals	505,9	497,5	528,3	503,0
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé	(154,9)	(80,1)	82,4	72,0
Langtímaskuldir	385,7	291,5	311,4	313,0
Skammtímaskuldir	275,2	286,2	134,6	118,0
Eigið fé og skuldir samtals	505,9	497,5	528,3	503,0



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

